


ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

# Bæjarins besta

Miðvikudagur 20. nóvember 2002 • 47. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk

### Ofanflóðasjóður stillir Bolungarvíkurkaupstað upp við vegg

## Bærinn nauðbeygður að fara með eignarnámsbótamál fyrir dómstóla

Fullvíst má telja að bæjarstjórn Bolungarvíkur muni á fundi sínum á morgun ákveða að vísa til dómstóla úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta vegna húsa sem þurfa að víkja vegna snjóflóðavarna. Svo virðist sem bæjaryfirvöld eigi ekki annarra kosta völ í ljósi svara Ofanflóðanefndar sem við bréfi Andra Árnasonar, lögmanns Bolungarvíkurkaupstaðar. Hann leitaði þar svara við því, hvernig kostnaðarþátttöku Ofanflóðasjóðs verði háttað ef Bolungarvíkurkaupstaður unir niðurstöðu matsnefndarinnar og hins vegar hvort kostnaðarþátttaka sé háð því að úrskurðum nefndarinnar sé skotið til dómstóla.

Í svari Ofanflóðanefndar kemur fram, að verði úrskurðum matsnefndarinnar ekki vísað fyrir dómstóla muni Ofanflóðasjóður ekki greiða 90% hlutdeild sína eignarnámsbótum samkvæmt honum, heldur samkvæmt fyrra mati sem var miklu lægra.

Fyrir bæjarsjóð Bolungarvíkur veltur hér á tugum milljóna króna, sem hann yrði að greiða aukalega ef ekki verður farið að skilmálum Ofanflóðasjóðs um dómstólaleiðina. Þar sem Ofanflóðasjóður er óbeinn aðili að þessu máli getur hann ekki sjálfur skotið því til dómstóla en hins vegar beitir hann Bolungarvíkurkaupstað með þessum hætti þrýstingi til að gera það. Sjá nánar frétt á bls. 3.




### Vestfirðir

## Rjúpnaveiðin svipuð

Rjúpnaveiðin á norðanverðum Vestfjörðum virðist vera svipuð og venjulega, segir Hilmar Pálsson á Ísafirði, sem fer til rjúpna á hverju ári. Fregnir berast hins vegar af lítilli rjúpu í öðrum landshlutum og tregri veiði.

Tveir menn sem fóru til rjúpnaveiða í Álftafirði á laugardag fyrir viku fengu hátt í 30 stykki. Hilmar Pálsson fór ásamt fjórum félögum sínum í fjögurra daga veiðiferð í síðustu viku og voru þeir aðallega á Langadals- og Lágadalssvæðinu.

### Hættumat fyrir Bolungarvík tilbúið

## Verður kynnt á almennum borgarafundi

Ætlunin er að efna til almenns borgarafundar í Bolungarvík þriðjudaginn 10. desember og kynna þar hættumat vegna snjóflóðahættu, sem nú er tilbúið. Matið er unnið af 4ra manna hættumatsnefnd fyrir Bolungarvík, en hana skipa Snjólfur Ólafsson prófessor, sem er formaður, Gunnar Guðni Tómasson, Elías Jónatansson og Ólafur Kristjánsson bæjarstjóri. Þeir hafa jafnframt notið liðsinnis sérfræðinga Veðurstofunnar við gerð hættumatsins.

Fyrir borgarafundinn, þar sem nefndin kynnir hættumatið, verður borinn í hús í Bolungarvík kynningarbæklingur með ítarlegum upplýsingum um niðurstöður þannig að bæjarbúar geti komið vel undirbúnir til fundarins.

Ólafur Kristjánsson tekur fram, að ekki megi rugla saman rýmingarkortum sem gerð voru á sínum tíma og því hættumati sem nú hefur verið unnið. Grunnurinn að þessu mati hefur legið lengi fyrir að sögn Ólafs Kristjánssonar.






ÚTGÁFAN

Bæjarins besta

ISSN 1670 - 021X

*Útgefandi:*
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564
***Ritstjóri:***
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is
***Blaðamaður:***
Hálfdán Bjarki Hálfdánsson
sími 863 7655,
halfdan@bb.is
***Ritstjóri netútgáfu:***
Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
blm@bb.is
***Ljósmyndari:***
Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is
***Ábyrgðarmenn:***
Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson
***Fréttavefur:*** www.bb.is
***Önnur útgáfa:***
Á ferð um Vestfirði

***Umboðsaðilar BB:***
Eftirtaldir aðilar sjá um dreifingu á blaðinu á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: ***Bolungarvík:*** Sólveig Sigurðardóttir, Hlíðarstræti 3, sími 456 7305. ***Súðavík:*** Sólveig Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími 456 4106. ***Suðureyri:*** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 891 7738. ***Flateyri:*** Gunnhildur Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. ***Þingeyri:*** Anna Signý Magnúsdóttir, Hlíðargötu 14, sími 456 8233.

***Sölustaðir á Ísafirði:***
***Hamraborg***, Hafnarstræti 7, sími 456 3166. ***Flugbarinn***, Ísafjarðarflugvelli, sími 456 4772. ***Bónus***, Ljóninu, Skeiði, sími 456 3230. ***Bókhlaðan***, Hafnarstræti 2, sími 456 3123. ***Bensínstöðin***, Hafnarstræti, sími 456 3574. ***Samkaup***, Hafnarstræti 9-13, sími 456 5460. ***Krílið***, Sindragata 6, sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 200 eintakið m.vsk. Áskriftarverð er kr. 170 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

**Tónleikasalurinn Hamrar**

# Signý Sæmundsdóttir syngur ljóðasöngva

Söngtónleikar verða haldnir annað kvöld, fimmtudagskvöld, í Hömrum, sal Tónlistarskólans á Ísafirði, þar sem sópransöngkonan Signý Sæmundsdóttir flytur ljóðasöngva við undirleik systur sinnar, Þóru Fríðu Sæmundsdóttur píanóleikara. Á efnisskránni eru sönglög eftir Franz Liszt, Hugo Wolf, E. Chausson og Tryggva Baldvinsson, auk nokkurra enskra gamansöngva.

Tónleikarnir eru 2. áskriftartónleikar Tónlistafélags Ísafjarðar á þessu starfsári og hefjast þeir klukkan hálfníu. Áskriftarkort félaga gilda á tónleikana, en almennt miðaverð við inngang verður 1.500 krónur.

**Innanhúsmót í knattspyrnu**

# Hálft fjórða hundrað þátttakenda mæta til leiks

Búist er við um 350 þátttakendum á árlegu innanhúsmóti í knattspyrnu sem haldið verður í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði um helgina. Boltafélag Ísafjarðar (BÍ) heldur mótið og er það ætlað 2.-7. flokki karla og 2.-6. flokki kvenna. BÍ hefur boðið ungum fótboltaköppum frá Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungarvík og Hólmavík að taka þátt í sparkinu með Ísfirðingum.

Mótið hefst klukkan 9 að morgni laugardags og sunnudags og stendur til kl. 18:30 báða dagana. Foreldrar þeirra sem æfa með Boltafélaginu munu sjá um veitingar á mótinu. „Foreldrar, ömmur og afar og skyldmenni eru hvött til að mæta og taka þátt í leiknum með sínu barni", segir í tilkynningu frá Boltafélaginu.

**Hagyrðingakvöld í Edinborg**

# Jón Hallfreð hlaut fyrstu verðlaun

Salurinn í Edinborg á Ísafirði var troðfullur og færri komust að en vildu á hagyrðingakvöldinu á Degi íslenskrar tungu á laugardag. Flosi Ólafsson leikari og hagyrðingur hafði stjórnina með höndum og fór á kostum. Sérvaldir vestfirskir hagyrðingar sem fram komu voru Aðalsteinn Valdimarsson, Jón Jens Kristjánsson, Ólína Þorvarðardóttir, Sjöfn Kristinsdóttir og Snorri Sturluson og flugu frá þeim ýmis skeyti, svo og frá hagyrðingum á meðal gestanna.

Áður hafði verið birtur fyrri hluti hringhendu og var áformað að veita verðlaun fyrir bestu botnana og fyrir versta botninn. Hins vegar var hætt við að veita skammarverðlun en þrenn verðlaun voru veitt fyrir bestu botnana.

Fyrstu verðlaun hlaut Jón Hallfreð Engilbertsson, önnur verðlaun Snorri Sturluson og þriðju verðlaun Guðfinna Hreiðarsdóttir. Dómarar voru Elísabet Gunnarsdóttir arkitekt, Erlingur Sigtryggsson héraðsdómari og Harpa Jónsdóttir kennari, sem nýlega hlaut íslensku barnabókaverðlaunin.

**Menningarmiðstöðin Edinborg á Ísafirði**

# „Opin bók" með þátttöku ólíkra rithöfunda

Árleg bókmenntavaka í Menningarmiðstöðinni Edinborg á Ísafirði, „Opin bók", verður á laugardag og hefst kl. 16. Gestir vökunnar að þessu sinni verða Már Jónsson, Sigurbjörg Þrastardóttir, séra Örn Bárður Jónsson, Andri Snær Magnason, Harpa Jónsdóttir og Þorsteinn Guðmundsson. Kaffiveitingar verða eins og venjulega.



*Örn Bárður Jónsson, sóknarprestur og skúffuskáld.*

Már Jónsson flytur erindi og les upp úr bókinni Til merkis um mitt nafn en ritið er samantekt hans á dómabókum Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711-29. Sigurbjörg Þrastardóttir les úr verðlaunabók sinni, Sólar sögu, Örn Bárður úr smásagnasafninu Íslensk fjallasala og fleiri sögur og Andri Snær úr nýrri bók sinni, Lovestar. Þá les Harpa Jónsdóttir úr bókinni Ferðinni til Samiraka sem hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin í ár og Þorsteinn Guðmundsson úr Hundabókinni.

Séra Örn Bárður Jónsson prestur í Neskirkju í Reykjavík, sem fæddur er og uppalinn á Ísafirði, hefur lengstum verið „skúffuskáld" að eigin sögn. Hann varð landskunnur fyrir nokkrum árum þegar smásagan Íslensk fjallasala birtist myndskreytt í Lesbók Morgunblaðsins og hlaut raunar óblíðar viðtökur á vissum stöðum. Aðrar smásögur í bók hans hafa ekki birst áður.



**Tvíbytnan Ísafold enn á Ísafirði**

# Salan virðist ganga til baka

Tvíbytnan Ísafold liggur enn á sínum stað í Ísafjarðarhöfn. Fram kom fyrir mánuði að gengið hefði verið frá sölusamningi við mann nokkurn búsettan á eyju í Karíbahafi. Afhending átti að fara fram fyrir síðustu mánaðamót. Verðið var 215 þúsund evrur eða um 18,6 milljónir króna. Seljandinn var Jóna Kristín Kristinsdóttir, útgerðarmaður á Suðureyri, sem leysti skipið til sín í sumar, en hún var einn þriggja ábyrgðarmanna fyrirtækisins Ferjusiglinga ehf., sem átti og rak Ísafold en varð gjaldþrota á síðasta vetri.

„Hann er ekki búinn að borga, maðurinn", segir Jóna Kristín. Hann er ekki búinn að útvega fjármagn en þykist vera að því. Ég veit bara ekki hvað ég á að trúa því lengi", segir hún og kveðst næstum því vera búin að gefa þessa sölu upp á bátinn. „Ég er að skoða það", segir hún aðspurð um það, hvort hún hafi aðra kaupendur í sigtinu.

bb.is púlsinn fyrir vestan

RITSTJÓRNARGREIN

# Valdið er vandmeðfarið

Allt bendir til að bæjarstjórn Bolungarvíkur sé í þeirri óþægilegu stöðu að sjá sér ekki annað fært en að vísa úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta, vegna uppkaupa húseigna við Dísarland, sem standa í vegi fyrirhugaðra snjóflóðavarna í kaupstaðnum, til dómstóla. Ástæðan er að Ofanflóðasjóður neitar að hlýta úrskurðinum og krefst í þess stað að farið verði eftir eldra mati, þar til kvaddra tveggja matsmanna, sem var mun lægra. Þessari ákvörðun stjórnar Ofanflóðasjóðs virðist fátt fá haggað.

Enginn dregur í efa nauðsyn þess að unnt sé að vísa ágreiningsmálum til dómstóla sé annars ekki kostur. Í þessu tilfelli er þó eðlilegt að spurt sé hvers vegna dómstólar séu ekki strax látnir taka af skarið þar sem telja má fyrirsjáanlegt að deiluaðilar komi sér ekki saman um verðmæti eigna, sem í tilfellum sem þessum eru afrakstur ævistarfs viðkomandi einstaklinga. Löng bið, endalaust karp og óvissa fer illa með fólk. Eitt og sér er það ærið nóg að sjá heimili sitt jafnað við jörðu.

Skýr skilaboð Ofanflóðasjóðs, að sjóðurinn muni aðeins greiða 90% af því verðmætamati sem honum þóknast, og ekki una öðru án dómsúrskurðar, segir ef til vill meira en mörg orð um þá erfiðleika sem einstaklingar og sveitarfélög standa oft frammi fyrir þegar til ágreinings við „stóra bróður" og fulltrúa hans, kemur.

Afstaðan „farðu bara í mál ef þú ert óánægður með hlutskipti þitt" er auðveld í munni gerandans, sem efast ekki um vald sitt, en þeim mun dapurlegri í eyrum hins berskjaldaða þolanda. Ábendingar um dómstólaleiðina virðast nokkuð tamar tungu ráðamanna á þessum síðustu tímum.

Bæjarins besta hefur ekki látið sitt eftir liggja að krefja embættismenn sagna. Í tvígang á þessu ári hefur blaðið m.a. krafið sérfræðinga Veðurstofunnar skýringa á þeirri fullyrðingu talsmanns stofnunarinnar, að hættulegra sé að búa við tilteknar götu á Ísafirði, en vera úti í umferðinni. Í júní og aftur í ágúst, án árangurs. Eftir það hringdi starfsmaður Veðurstofu og kvað spurningum blaðsins verða svarað. Þau svör hafa ekki borist, nú nokkrum mánuðum seinna. Ef til vill hafa þau fokið út í veður og vind!

Ekki skal dregið úr ágæti þess að fara vel með almanna fé. Sú skilgreining nægir þó engan veginn sem afsökun fyrir þeim seinagangi sem orðið hefur á máli íbúanna við Dísarland.

*s.h.*

**Eignarnám húsa sem víkja þurfa vegna snjóflóðavarna í Bolungarvík**

# Veltur á tugum milljóna fyrir bæjarsjóð



*Bolungarvík. Ljósmynd: Jón Þorgeir Einarsson.*

Telja verður fullvíst að bæjarstjórn Bolungarvíkur muni ákveða að vísa til dómstóla úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta vegna húsa sem þurfa að víkja vegna snjóflóðavarna. Í svarbréfi Ofanflóðanefndar til lögmanns Bolungarvíkurkaupstaðar segir:

„Eins og áður hefur komið fram, sbr. bréf nefndarinnar til Ólafs Kristjánssonar bæjarstjóra dags. 22. ágúst sl. leggur Ofanflóðanefnd til að Bolungarvíkurkaupstaður sem eignarnemi uni ekki úrskurði matsnefndar um eignarnámsbætur og láti reyna á málið fyrir dómstólum. Uni bæjarstjórn úrskurði matsnefndar um eignarnámsbætur takmarkast kostnaðarþátttaka Ofanflóðasjóðs við 90% staðgreiðslumarkaðsverð sbr. heimildarákvæði 13. gr. laga nr. 49/1997 með síðari breytingum. Verði úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta skotið til dómstóla til ákvörðunar mun kostnaðarþátttaka Ofanflóðasjóðs taka mið af dómsniðurstöðu.“

Á sínum tíma voru þeir Gunnar Torfason verkfræðingur og Tryggvi Guðmundsson lögmaður fengnir til að meta staðgreiðslumarkaðsverð eignanna. Þar sem húseigendur sættu sig ekki við það mat var málinu skotið til matsnefndar eignarnámsbóta, sem í júní síðastliðnum kvað upp úrskurð um mun hærri bætur.

Ef Bolungarvíkurkaupstaður fer ekki að tilmælum Ofanflóðanefndar um að vísa málinu til dómstóla, liggur fyrir að eignarnámsþolar fá greitt samkvæmt úrskurði matsnefndarinnar en Ofanflóðasjóður mun einungis greiða 90% af fyrra matinu, sem var miklu lægra. Mismuninn verður bæjarsjóður Bolungarvíkur að greiða. Sjóðurinn mun hins vegar greiða 90% af þeim eignarnámsbótum sem dómstólar ákveða, hver sem niðurstaðan verður og eins þótt úrskurður matsnefndar verði staðfestur.

Fyrir bæjarsjóð Bolungarvíkur veltur hér á tugum milljóna króna, sem hann yrði að greiða aukalega ef ekki verður farið að skilmálum Ofanflóðasjóðs um dómstólaleiðina. Þar sem Ofanflóðasjóður er óbeinn aðili að þessu máli getur hann ekki sjálfur skotið því til dómstóla en hins vegar beitir hann Bolungarvíkurkaupstað með þessum hætti þrýstingi til að gera það.

„Við erum þannig nauðbeygðir til að fara með málið fyrir dómstóla. Ef við gerum það ekki verðum við að greiða mismuninn úr bæjarsjóði og ég tel að við höfum ekki leyfi til að fara þannig með fé bæjarbúa“, segir Ólafur Kristjánsson bæjarstjóri.

**Spænskt tímarit um brúðkaupsferðir**

# Heimsókn til Vestfjarða í nýjasta heftinu

Í nýjasta hefti spænska tímaritsins Lunas de Miel (Hunangstungl), sem eins og nafnið bendir til er helgað brúðkaupsferðum og kynningu á skemmtilegum stöðum til þess að eyða hveitibrauðsdögunum, eru tvær opnur um Ísafjörð og nágrenni. Eins og hér var greint frá komu blaðamaður og ljósmyndari frá tímaritinu í heimsókn til Ísafjarðar og grannbyggða í byrjun september.

Myndir eru allmargar en textinn ekki langur en allur hinn lofsamlegasti og koma þar við sögu Úlfar Ágústsson og eiginkona hans, Dorothee Lubecki og Halldór nokkur Sveinbjörnsson, kajakmaðurinn sem fylgdi gestunum úr Suðurtanganum á Ísafirði og yfir á flugvöll við brottförina. Stærsta myndin er af Geir Guðmundssyni í Ósvörinni í Bolungarvík, skinnklæddum og með sjóhatt, en einnig eru meðal annars myndir úr Neðstakaupstað, af Faktorshúsinu í Hæstakaupstað og úr Vigur.



*Önnur opnan um Vestfjarðaheimsóknina.*

Lunas de Miel kemur út fjórum sinnum á ári. Nú er að sjá hvort spænsk brúðhjón flykkjast til Vestfjarða á næstunni til að eiga „öðruvísi“ hveitibrauðsdaga.

**Náttúrustofa Vestfjarða í Bolungarvík**

# Vilja að fleiri sveitarfélög standi að stofnuninni

Súðavíkurhreppur vill að fleiri sveitarfélög taki þátt í rekstri Náttúrustofu Vestfjarða en nú eru það einungis Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur. Starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða hófst árið 1997 en hún var formlega opnuð í Bolungarvík vorið 1998. Nú hefur umhverfisráðuneytið unnið drög að samstarfssamningi um rekstur hennar í samræmi við lagabreytingu á liðnu vori og eru þar meðal annars ákvæði um fjárframlög ríkisins og sveitarfélaganna.

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps samþykkti í fyrir stuttu að fresta afgreiðslu samningsdraganna að sinni og leggur til að fleiri sveitarfélög verði aðilar að samningnum. Nefndin telur einnig æskilegt að frekari skilgreining á rekstrarkostnaði liggi fyrir.



*Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða.*

Í samningsdrögunum segir meðal annars að framlag til Náttúrustofu Vestfjarða samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2003 sé 7,5 milljónir króna, þar af launakostnaður upp á 4 milljónir en 3,5 milljónir til almenns rekstrar. „Ráðuneytið mun leggja sitt af mörkum til að framlag til almenns rekstrar Náttúrustofunnar verði aukið um 0,5 mkr. á árinu 2004 og að framlag ríkisins verði alls 8 milljónir á ári til loka þessa samnings [í árslok 2007]... Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur munu leggja fram a.m.k. 30% af framlagi ríkis til reksturs stofunnar á hverju ári“, segir í samningsdrögunum frá ráðuneytinu.

Hlutverk Náttúrustofu Vestfjarða er að afla upplýsinga um náttúru Vestfjarða og gera þær aðgengilegar þeim sem á þurfa að halda. Einnig er henni ætlað að taka að sér verkefni fyrir sveitarfélög, stofnanir og einkaaðila. Meðal annars hefur stofan annast mat á umhverfisáhrifum vegna verklegra framkvæmda og tekið að sér margvísleg önnur rannsóknaverkefni og skýrslugerðir.

**Leikskólinn Laufás á Þingeyri**

# Skólatími skertur vegna manneklu

Erfitt hefur verið að manna Leikskólann Laufás á Þingeyri og hefur það valdið því að daglegur skólatími hefur verið skemmri en ella. Eins og nú stendur er skólinn opinn frá kl. 8.45 til kl. 15.15 og tíu börn eru á biðlista eftir vistun.

Að sögn Ingibjargar Maríu Guðmundsdóttur, forstöðumanns Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, vantar tvær manneskjur á tímabilinu frá þrjú til fimm á daginn. Hún segir það algengt vandamál á leikskólum landsins að erfitt sé að fá fólk til starfa eftir að grunnskóla lýkur á daginn, einkum á hinum smærri stöðum. Í bréfi til fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar bendir Sonja E. Thompson leikskólastjóri á Laufási á leiðir til að halda góðu fólki.

Sonja segir m.a. í bréfi sínu: „Það er næg atvinna á Þingeyri í dag, fólk sækist eftir þeirri vinnu sem gefur best laun. Því miður eru laun ófaglærðra starfsmanna á leikskólum hér mjög lág... Ég veit til þess að önnur sveitarfélög veita starfsfólki leikskólanna ýmiss konar umbun, svo sem afslátt af leikskólagjöldum, yfirborganir launa og afslátt af aðgangi að líkamsræktarstöðvum. Því miður er ekkert slíkt gert hjá Ísafjarðarbæ. Þar sem nú er unnið að gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár spyr ég hvort ekki væri hægt að bjóða starfsfólki leikskólanna betri laun eða afslátt af leikskólagjöldum barna þeirra. Ég er nærri viss um að þá yrði meiri stöðugleiki í starfsmannahópnum, sem að sjálfsögðu myndi leiða til ákveðins sparnaðar hjá sveitarfélaginu, þar sem þá væri ekki alltaf verið að þjálfa upp nýtt starfsfólk. Ég tel að það myndi einnig verða til þess að auka ánægjuna inni á leikskólunum og jafnvel fækka veikindadögum starfsfólks.“

Fræðslunefnd fól Skóla- og fjölskylduskrifstofu að afla upplýsinga um kjör starfsmanna leikskóla í öðrum sveitarfélögum. Á fundi bæjarráðs í fyrradag var hins vegar bókuð sú ábending, að sömu samningar gildi um kjör leikskólakennara hjá Ísafjarðarbæ og öðrum sveitarfélögum innan Launanefndar sveitarfélaga.

# Ísafjörður er friðsælasti staður á jarðríki

## – segir bandaríski körfuboltamaðurinn Jeremy Sargent, sem leikur með KFÍ

**Bandaríkjamaðurinn Jeremy Sargent hefur búið á mörgum ólíkum stöðum og hefur í heimalandi sínu þurft að þola ágang og áreitni glæpagengja og kynþáttahatara. Núna er hann á Ísafirði sem hann lýsir sem himnaríki á jörðu. Jeremy leikur með Körfuknattleiksfélagi Ísafjarðar og unir hag sínum vel. Hann segist ekki hafa haft gaman af körfubolta fyrr en hann komst á unglingsár, en samt virðist hann hafa náð mikilli leikni í íþróttinni.**

„Ég fæddist og ólst upp í bænum Rialto í Kaliforníu, austan við Los Angeles. Framan af var mjög gott að alast upp í Rialto en þegar ég komst á unglingsár fjölgaði fólki þar mjög og ástandið versnaði til muna. Fólk flykktist til bæjarins frá Los Angeles til að reyna að forðast vandamál stórborgarinnar en þessi öra fólksfjölgun varð til þess að glæpatíðni jókst mikið og glæpagengi komu til sögunnar.“

– Eru glæpagengi að valda unglingum í Bandaríkjunum miklum vandræðum?

„Já, það getur verið mjög erfitt að vera unglingur í Bandaríkjunum. Í bænum þar sem ég bjó fékk maður aldrei frið fyrir gengjunum. Það var ótrúlega erfitt að standa utan þeirra. Ég reyndi þó að taka ekki þátt í þessu, en það þýddi að ég gat ekki labbað stystu leið í skólann. Ég þurfti alltaf að taka á mig mikinn krók til að minnka líkurnar á því að á mig yrði ráðist.



Þrátt fyrir það varð ég oft fyrir barðinu á þessum hópum. Ég lét þetta yfir mig ganga fyrst um sinn en einn daginn ákvað ég að svara fyrir mig. Þannig ávann ég mér virðingu þessa tiltekna gengis og komst undir verndarvænginn hjá því. Ég þurfti þó ekki að vera eiginlegur meðlimur og slapp við að taka þátt í heimskupörum sem gengið framdi.“

### Hlutirnir fengu að fara úr böndunum

Gengi í Bandaríkjunum eru yfirleitt mynduð eftir kynþætti. „Sem dæmi má nefna krúnukollana sem hata alla sem ekki eru hvítir. Síðan eru mexíkósk gengi, asísk gengi og svo framvegis. Ástandið er alveg agalegt. Maður verður að passa sig á því hverju maður klæðist því rangur litur á fötunum getur orðið til þess að maður verði skotinn.“

– Nú er bandaríska alríkislögreglan að berjast gegn gengjum af þessu tagi ...

„Ég er alls ekki bjartsýnn á að það breyti nokkru. Hlutirnir fengu að fara svona rækilega úr böndunum og ég held því miður að það sé lítið hægt að gera í þessu núna.“

### Hundleiddist körfubolti

„Ég er mjög feginn að ég hafi haft kjark til að standa utan gengjanna og samt náð að svara fyrir mig. Það var ólýsanlegur léttir að þurfa ekki lengur að hafa áhyggjur af því að verða fyrir barðinu á þeim. Eftir á að hyggja held ég að ég væri enn alltaf að líta um öxl ef ég hefði ekki svarað fyrir mig. Þegar ég þurfti ekki lengur að hafa áhyggjur af þessu gat ég farið að hugsa um aðra hluti sem ég hafði gaman af.“

– Eins og að spila körfubolta?

„Nei, á þessum tíma hundleiddist mér körfubolti. Það var ekki fyrr en ég var 15 ára gamall að ég fór að hafa gaman af íþróttinni. Ég veit ekki hvað gerðist en ég prófaði bara að skjóta á körfuna og fór allt í einu að hafa gaman af því. Þá bað ég pabba, sem var körfuboltamaður á sínum yngri árum, um að hjálpa mér og gefa mér ráðleggingar.“

### Sér eftir að hafa ekki verið námsfús

– En skólinn, varstu námsfús?

„Nei, það var ég vægast sagt ekki. Ég var trúðurinn í bekknum og kennarar fengu hland fyrir hjartað þegar þeir sáu mig nálgast. Ég sé rosalega eftir því að hafa verið svona, því mér finnst ég hafa misst af miklu. Ég tók mig hins vegar á þegar ég fór í háskóla. Þá vissi ég líka hvað mig langaði að læra og gekk þess vegna miklu betur í skóla. Ég lærði tölvuvísindi en fékk skólastyrk út á körfuboltann. Ég vissi líka að ef ég lærði ekki, þá fengi ég ekki að vera lengur í skólanum og spila körfubolta. Ég byrjaði í skóla í Kaliforníu en eftir eitt ár fór ég í háskóla í Utah.“

– Utah er oft kallað mormónafylkið. Fannstu mikinn menningarlegan mun á Utah og Kaliforníu?

„Já, vægast sagt. Fyrir það fyrsta fannst mér eins og ég væri eini svarti maðurinn í öllu fylkinu, sem var mjög einkennilegt. Ég kom úr mjög fjölbreyttu umhverfi þar sem menn voru af hinu og þessu bergi brotnir, en í Utah voru allir hvítir. Ég var svartur og hávaxinn og þá ályktuðu allir um leið að ég hlyti að vera körfuboltamaður og spila með Utah Jazz.




**Guðmundur Hraunberg Egilsson, eða „Hrauni“...**

...er beitningamaður hjá Ós ehf í Bolungarvík. Fyrir tæpum tveimur árum var honum falið að beita sigurnaglalínu, sem nýkomin var á markaðinn frá Mustad í Noregi. Línan var frekar hörð og hinum beitningamönnunum leist ekkert of vel á að beita hana. Hrauni hefur síðan haldið áfram að beita þessa línu og smám saman hefur nafn hans færst yfir á línuna. Og sjómennirnir fylgjast með hvort það fiskast vel á Hrauna.

Það hefur verið róið með Hrauna sleitulaust frá byrjun, hann er gjaman beittur strax og komið er í land og sendur um hæl í næsta róður. Samtals mun búið að leggja Hrauna í yfir 200 skipti. Það er búið að fiska á hann rúm þrjátíu tonn. Hrauni er nú orðinn verulega lúinn en heldur samt áfram að fiska og fiska.

Þó að nýir Hraunar hafi bæst í hópinn tímir Guðmundur Einarsson skipstjóri ekki að henda þeim gamla. Túrunum hjá Hrauna gamla fer þó senn fækkandi. Við höfum óskað eftir að fá hann til baka þegar þar að kemur, til minningar um þessa frábæru sigurnaglalínu.

Þeir skipstjórar, sem vilja kynnast línunni, sem gengur undir nafninu Hrauni, eru beðnir að hafa samband við okkur.

Ísfell-Netasalan

*vöruhús fyrir sjávarútveginn*

Fiskislóð 14 • 101 Reykjavík • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is • www.isfell.is



Ég kynntist mörgu góðu fólki í háskólanum í Utah, en flestir aðrir voru mjög trúaðir og vildu ekkert með mig hafa vegna þess að ég var ekki mormónatrúar.“

## Hatrið betur dulbúið

Frá Utah fór Jeremy í háskóla í Tennessee í Suðurríkjum Bandaríkjanna. Hvernig ætli honum hafi líkað vistin þar?

„Mér líkaði vel í skólanum og fólkið þar reyndist mér vel. Aftur á móti ætlaði ég ekki að trúa því hversu mikið kynþáttahatur býr í hinum almenna borgara í Suðurríkjunum. Ég var kallaður öllum illum nöfnum þegar ég gekk úti á götu.“

– Svo að hlutirnir hafa ekki breyst mikið í Suðurríkjunum síðustu 100 árin ...

„Kynþáttahatrið er vissulega ennþá til staðar og afar og ömmur virðast kenna barnabörnunum nákvæmlega sömu hlutina og þeim voru kenndir. Að vísu er hatrið miklu betur dulbúið núna.

Ég átti marga góða vini í háskólanum, þar á meðal marga hvíta, en þegar ég var kominn út fyrir háskólann þorði ég ekki að ávarpa neinn sem var hvítur, því þá voru allar líkur á að ég lenti í einhverju leiðinlegu. Eftir á að hyggja held ég þó að þessi lífsreynsla hafi gert mig að sterkari einstaklingi. Vistin í Tennessee fullvissaði mig um að ég get aðlagast alls kyns umhverfi.“

– Það sem drepur mann ekki herðir mann bara?

„Já, en að vísu hélt ég á tímabili að ég myndi ekki lifa þetta af. Þó að reynslan hafi kennt mér mikið og styrkt mig, þá myndi ég ekki óska nokkrum manni að lenda í svona. Það er ólýsanlegt að koma á stað þar sem fólk hatar mann um leið og það sér mann.“

## Kuldinn ekkert mál

Umboðsmaður Jeremys og Guðjón Þorsteinsson, sem óþarfi er að kynna fyrir Ísfirðingum, hafa lengi verið góðir vinir og þannig bauðst Jeremy að koma til Ísafjarðar. Nú er hann kominn og segir hann staðinn ekki sambærilegan þeim sem hann hefur áður búið á. „Ég hef bara verið hérna í mánuð en ég er búinn að kynnast svo ótrúlega mörgu fólki að það er eiginlega ógnvekjandi. Umboðsmaður minn hafði sagt mér að Guðjón annaðist sína leikmenn mjög vel og það var hverju orði sannara. Ég er hæstánægður og mér finnst æðislegt að vera kominn til Ísafjarðar.“

– Þrátt fyrir kalda haustgjóluna sem hefur verið síðasta mánuðinn?

„Já, þrátt fyrir hana. Það er svolítið erfitt að venjast ísköldum vindi sem mér finnst ná inn að beinum, en það er samt mjög lítill ókostur miðað við alla kostina sem fylgja því að búa á Ísafirði. Maður getur alltaf klætt sig betur, en friðsældin sem maður nýtur á Ísafirði er ómetanleg. Mér þykir svo vænt um allt hérna, bæinn, þjálfarann og liðsfélagana og allt fólkið sem ég hef kynnst. Bærinn er eins og ein stór fjölskylda sem býður mann strax velkominn. Þetta er allt annað viðhorf en á öðrum stöðum sem ég hef komið á.“

## Hræddur við að bregðast áhorfendum

Mönnum ber saman um að Jeremy hafi staðið sig frábærlega með KFÍ í þeim leikjum sem hann hefur spilað. Að vísu er Jeremy sjálfur ekki sammála því. „Ég hef alltaf verið harður við sjálfan mig og vil alltaf spila eins vel og ég mögulega get. Mér hefur gengið vel að spila á útivelli, en þegar við eigum heimaleik og ég spila fyrir framan okkar áhorfendur hef ég svo miklar áhyggjur af því að ég muni bregðast þeim. Ég hef haft fiðring í maganum í þessum fyrstu heimaleikjum og það hefur komið aðeins niður á mínum leik.“

– En menn virðast nú sammála um að þú hafi leikið frábærlega.

„Það finnst mér ekki. Ég vil gefa áhorfendum allt sem ég á og ég held að mér hafi ekki enn tekist það. Þetta mun sennilega ganga betur þegar þessi taugatitringur fer úr mér.“

– Hvað hefurðu verið að gera utan körfuboltavallarins? Hefurðu fundið þér einhver áhugamál?

„Ég hef aðallega verið að slæpast með liðsfélögunum mínum og öðru góðu fólki sem ég hef kynnst. Ég hef nú ekki afrekað mikið, nema að læra pílukast. Ég hef líka lengi haft áhuga á fjarstýrðum bílum og á einn slíkan. Ég eyðilagði hann reyndar áður en ég kom, þannig að ef svo ólíklega vill til að mér fari að leiðast get ég alltaf unnið að því að gera við hann.

Annars hef ég enga trú á öðru en að mér eigi eftir að líða mjög vel á Ísafirði. Ég held að þetta sé besti staður í heimi. Ég sakna að sjálfsögðu fjölskyldunnar, en annars sakna ég einskis að heiman. Hérna get ég labbað um göturnar á hvaða tíma sólarhringsins sem er og þarf ekkert að óttast. Fólk áttar sig ekki á því hvað það er dýrmætt. Sumir ungir Ísfirðingar hafa sagt mér að þeir geti ekki beðið eftir því að komast burt, en ég hef sagt þeim á móti að þeir viti ekki hvað þeir hafa það gott. Þeir ættu að prófa að búa þar sem ég hef búið, þá væru þeir ekki lengi að snúa við.“

– Að lokum, hversu lengi ætlarðu að vera hérna?

„Eins lengi og menn vilja hafa mig. Þetta er friðsælasti og þægilegasti staður á jarðríki og mér hefur aldrei liðið eins vel á ævinni.“







# MAÐUR VIKUNNAR

## Neyðarlegast að tapa fyrir Bolungarvík í knattspyrnu



**Nafn:** Haukur Benediktsson.
**Fædd/-ur, hvar og hvenær:** Á Ísafirði 11. júní 1969.
**Atvinna:** Verslunarmaður í Samkaup á Ísafirði.
**Fjölskylda:** Í sambúð með Eyrúnu Sif Ingólfsdóttur, á tvö börn, Benedikt Birkir 14 ára og Ingunn Fanney 10 ára.
**Helstu áhugamál:** Knattspyrna.
**Bifreið:** Volkswagen Bora.
**Hvernig bíl vildir þú helst eiga?** Skoda SuperB.
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill?** Atvinnuknattspyrnumaður.
**Uppáhalds matur?** Lasagne.
**Versti matur sem þú hefur smakkað?** Skerpukjöt.
**Uppáhalds drykkur?** Egils sítrónu Kristall.
**Uppáhalds tónlist?** Bruce Springsteen.
**Uppáhalds íþróttamaður eða félag?** Liverpool.
**Uppáhalds sjónvarpsefni?** Knattspyrna.
**Uppáhalds vefsíðan?** bb.is
**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?** John Q.
**Fallegasti staður hérlendis?** Þórsmörk.
**Fallegasti staður erlendis?** Hawai.
**Ertu hjátrúarfull(ur)?** Já.
**Uppáhalds heimilistækið?** Sjónvarpið.
**Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir?** Að spila knattspyrnu.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna?** Ókurteisi og virðingarleysi gagnvart eldri borgurum, við eigum jú öll eftir að eldast.
**Hvað gerir þú til að láta þér líða vel?** Slaka á heima við.
**Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast?** Já.
**Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í?** Að tapa fyrir Bolungarvík í knattspyrnu.
**Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta?** Bæta ástand allrar íþróttaaðstöðu í bæjarfélaginu.
**Lífsmottó?** Að koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.



*Ólafur K. Borgarsson, Gísli Sveinn og Gísli Hjartarson.*

## Nýjar vestfirskar þjóðsögur

# 505 sögur komnar út hjá Gísla

**Gísli Hjartarson ritstjóri á Ísafirði mætti á mánudag á kaffistofuna í Áhaldahúsi Ísafjarðarbæjar og las upp úr fyrsta eintakinu af nýútkomnu fimmta heftinu af ritröð sinni, 101 nýjar vestfirskar þjóðsögur. Með þessu nýjasta hefti eru sögur Gísla orðnar 505 og virðist engin þurrð á skemmtisögum af Vestfirðingum, en þær eru allar af nafngreindu fólki og „meira og minna sannar“. Útgefandi hinna nýju þjóðsagna er Vestfirska forlagið á Hrafnseyri. Á myndinni er Gísli Hjartarson ásamt Ólafi K. Borgarssyni, starfsmanni Áhaldahússins, sem keypti fyrsta eintakið, en á milli þeirra er Gísli Sveinn Aðalsteinsson, sem Gísli Hjartar nefnir sína hægri hönd.**



# Sælkeri vikunnar

## er Ásgerður Bergsdóttir, menntaskólakennari á Ísafirði

# Mozzarella pasta



Þegar Hildur Halldórsdóttir skoraði á mig sem Sælkera vikunnar fór ég alveg í hnút. Ekki vegna þess að ég hefði ekki uppskrift til að gefa frá mér heldur það að ég á svo *mikið* af uppskriftum. Eitt af því skemmtilegasta sem ég geri er að elda – og ég nýt þess virkilega að borða góðan mat. Því var úr vöndu að ráða en ég ákvað að gefa upp einn af uppáhalds hversdagsréttunum mínum, mozzarella pasta. Þetta er einstaklega ljúffengur en auðveldur réttur. Sósan þarf hins vegar að malla svolítið lengi (ef hægt er), svo mig langar að láta tvenns konar lystaukandi brauð fylgja með.

**Efni:**
góð extra virgin ólívuolía
2-3 dósir hakkaðir tómatar (fer eftir fjölda í mat) – langbest er að nota tómatana í bláu dósunum sem fást í Bónus, aðrar gerðir koma afar illa út (uppskriftin er ekki í boði Bónuss!)
salt
svartur pipar – nýmalaður
2-3 kúlur ferskur mozzarella ostur (fæst nú í öllum verslunum, ein kúla í hverri dós)
pasta (helst penne rigate eða pipette rigate)

**Aðferð:**
*Sósan:*
Hitið olíuna á pönnunni
Hellið tómötunum í pönnuna þegar olían er orðin heit
Saltið og piprið (óhætt að setja vel af salti því osturinn er bragðlítill og ekki mjög saltur)
Látið malla eins lengi og þið hafið tíma til, helst í um klukkustund

*Osturinn:*
Hellið vökvanum af ostinum (látið renna vel af honum)
Skerið hann svo í smáa teninga

*Pastað:*
Sjóðið eftir leiðbeiningum (þegar sósan er búin að malla í u.þ.b. 50 mínútur setjið þið pastað út í sjóðandi vatn með olíu og salti)

Þegar pastað er soðið er vatninu hellt af því. Helmingnum af pastanu er hellt í skál, þar ofan á helmingnum af sósunni og síðan öðrum ostinum (eða u.þ.b. helmingnum af ostateningunum). Þessu er hrært saman. Þá fer seinni hlutinn í skálina á sama hátt, allt hrært vel saman og látið bíða stutta stund. Mmmmmmmm! Verði ykkur að góðu!

Meðan sósan mallar er gott að narta í brauð (og jafnvel fá sér ískalt hvítvín eða gott rauðvín með). Þessi brauð má auðvitað hafa með mat (næstum hvaða mat sem er) ef fólk vill:

**Hvítlauksbrauð:**

Hvítar samlokubrauðsneiðar eru ristaðar í brauðrist og látnar standa stutta stund. Þá er sárinu á hvítlauksrifi nuddað á sneiðina alla. Að lokum er mjög fínni og góðri extra virgin ólífuolíu skvett yfir brauðið. Skerið í þríhyrninga og njótið!

**Mozzarellabrauð:**

Mjög fínni og góðri extra virgin ólífuolíu er skvett á hvítar samlokubrauðsneiðar og þær saltaðar. Þá er vel þroskaður tómatur skorinn í sneiðar og sneiðarnar lagðar á brauðið. Síðan er ferskri basilíku dreift yfir. Mozzarellaosturinn (látið vökvann renna vel af honum) er skorinn í þunnar sneiðar og hann lagður efst. Setjið brauðsneiðarnar í heitan ofn í stutta stund, eða þar til osturinn er bráðinn, eða setjið undir grillið í enn styttri stund. Látið standa í nokkrar mínútur eftir að það kemur úr ofninum áður en það er skorið í þríhyrninga, njótið og ... hámið!

*Ég vil nú ekki endilega halda Sælkerum vikunnar innan Menntaskólans á Ísafirði, en mig langar samt að skora á Ingibjörgu Ingadóttur, enskukennara í Menntaskólanum, í þeirri von að hún komi með einn grískan og góðan!*

## Fréttavefur Bæjarins besta – bb.is

# „Besti íslenski netfréttamiðillinn“

Fréttavefur Bæjarins besta, bb.is, hlaut hæstu einkunn fyrir gæði í nýlegri rannsókn sem framkvæmd var á íslenskum netfréttamiðlum. Þetta kemur fram í nýlegri mastersritgerð Brynhildar Ingvarsdóttur, en hún útskrifaðist í vor með M.A. gráðu í fjölmiðlafræði frá Emerson College í Boston. Lokaritgerðin ber heitið „Online Journalism in Iceland: How is it Faring?“ Ritgerðin byggir á rannsókn sem Brynhildur framkvæmdi og var úrtakið allir almennir netfréttamiðlar með íslenskt lén, sem uppfæra vef sinn minnst daglega.

„Vefur bb.is komst hærra en aðrir miðlar vegna þess að hann hafði yfirleitt eitthvað til að bera í öllum þeim þáttum sem ég greindi“, segir Brynhildur. „Það voru engir þættir sem voru alveg útundan á þessari vefsíðu sem voru fyllilega vanræktir eins og kom fyrir á öðrum vefsíðum. Þeir lögðu meiri áherslu á að mynda einhvers konar samfélagslega þjónustu, þeir voru með mikið af tenglum yfir á aðrar þjónustusíður af ýmsu tagi, þeir leggja mikla áherslu á að nota myndir, en það er nú eina margmiðlunin sem notuð er. Þeir voru með meira af frumsömdu efni heldur en aðrar síður þannig að það virtist sem þeir legðu meira upp úr því að skrifa efni beinlínis fyrir vefinn, að þetta væri ekki endurunnið. Þeir voru líka með tengla að einhverju leyti bæði innan síðunnar og út fyrir síðuna, en það var eitthvað sem var mjög sjaldgæft. Þeir voru með þróaðri vefsíðu að því leytinu til að það var tölvert gagnvirkni á síðunni, könnun og leitarvél og ýmislegt sem gerir notandanum auðveldara fyrir og býður upp á meiri virkni notandans.“

Brynhildur Ingvarsdóttir lauk BA-prófi í sagnfræði með bókmenntafræði sem aukagrein árið 1995 með hæstu lokaeinkunn það árið og fékk viðurkenningu Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands. Á námsárum sínum í Bandaríkjunum starfaði hún m.a. sem fréttamaður fyrir útvarpsstöðina WERS FM 88.9 í Boston, var ritstjóri vefsíðunnar NEWS & VIEWS í Emerson College og árin 2000-2002 aðstoðaði hún við ritstjórn og hafði umsjón með texta og myndvinnslu, prentun og dreifingu hjá tímaritinu MEDIA ETHICS, sem er tímarit sem gefið er út tvisvar á ári og fjallar um siðferðileg álitamál í fjölmiðlum.

Bæjarstjóraskipti í Bolungarvík á næsta leiti

# Einar Pétursson tekur við af Ólafi

Fullvíst má telja að að Bolvíkingurinn Einar Pétursson rekstrarfræðingur verði næsti bæjarstjóri í Bolungarvík. Ólafur Kristjánsson, sem verið hefur bæjarstjóri í Bolungarvík síðan vorið 1986 eða rúm fjögur kjörtímabil, lýsti því yfir fyrir kosningarnar í vor að hann vildi hætta bæði sem bæjarfulltrúi og bæjarstjóri. Hann hafði þá setið í sveitarstjórn í 36 ár, fyrst í hreppsnefnd Hólshrepps og síðan í bæjarstjórn Bolungarvíkur. Ólafur lýsti sig hins vegar reiðubúinn að vinna eitthvað áfram með nýjum bæjarstjóra. Samningur Ólafs var síðan framlengdur til októberloka og aftur um einn mánuð til loka þessa mánaðar.

„Undanfarna mánuði höfum við verið að leita okkur að bæjarstjóra og höfum gert það í gegnum ráðningarstofu“, segir Elías Jónatansson, forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur í samtali við blaðið í síðustu viku. „Við fundum þannig sex til átta menn sem komu til álita og voru allir mjög frambærilegir og hæfir. Hins vegar strandaði á einhverju hjá þeim öllum, svo sem því að fjölskyldan var ekki reiðubúin að flytjast út á land eða að þeim bauðst eitthvað annað sem þeim hugnaðist betur. Nafn Einars Péturssonar kom upp í framhaldi af því og eftir sömu leiðum. Ég get staðfest að við eigum í viðræðum við Einar en erum ekki búnir að ljúka samningi við hann. Við höfum rætt þetta, allir bæjarfulltrúarnir, og okkur líst ágætlega á Einar í stöðu bæjarstjóra. Auk þess þekkir hann alla staðhætti hér, hann er vel kunnugur málefnum Bolungarvíkur og er fús að koma hingað heim. Það hafa engir þröskuldar komið í ljós í viðræðum okkar við hann og ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en að saman gangi um ráðninguna“, segir Elías.

Ekki hefur verið rætt til hlítar hvenær Einar tæki við starfinu en Elías býst við því að það geti orðið um áramót. Þá mun Einar eiga eftir eitt misseri í námi sem hann stundar en gæti væntanlega lokið því að mestu leyti í fjarnámi.

Einar Pétursson er þrjátíu og þriggja ára að aldri, sonur hjónanna Helgu Aspelund og Péturs Guðna heitins Einarssonar í Bolungarvík, Guðfinnssonar. Hann stundaði nám við Menntaskólann á Ísafirði en lauk stúdentsprófi á Akureyri. Hann hefur lengst af starfað við flutningastjórnun hjá Samskipum. Á síðasta vori lauk hann prófi í rekstrarfræði frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst. Nú stundar hann nám í viðskiptadeild sama skóla og stefnir að því að ljúka prófi í viðskiptafræði í vor. Einar er kvæntur og á átta ára gamlan son.

Grænidalur

## Rifinn til grunna



*Unnið að niðurbroti Grænadals í Hnífsdal.*

Húsið að Hreggnasa 3 í Hnífsdal eða Grænidalur eins og það var kallað var rifið til grunna í síðustu viku. Staðið hefur til um nokkurt skeið að rífa húsið og var niðurrifið samþykkt í umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar fyrir tæpu ári. Húsafriðunarnefnd gerði athugasemd við þá fyrirætlan en lét síðan af mótmælum og tilkynnti bæjaryfirvöldum að ekki þætti ástæða til að friða húsið. Grænidalur var byggður árið 1915 en viðbygging að neðanverðu var byggð síðar. Ástand hússins var orðið mjög slæmt. Þar að auki hefur staðsetning þess við veginn neðan brekkunnar lengi þótt ógna umferðaröryggi. Mörgum er enn í fersku minni þegar strætisvagn lenti á húsinu fyrir nokkrum árum. Vegagerðin greiðir hluta kostnaðar við niðurrif hússins þar sem framkvæmdirnar teljast nokkur samgöngubót.



*Undirritun samnings milli forráðamanna SKG-veitinga og Netheima um vefgerð. Frá vinstri: Magnús Hávarðarson, Netheimum, og Karl Ásgeirsson, Guðlaug Jónsdóttir og Snorri Bogason, SKG-veitingum.*

SKG-veitingar á Ísafirði

## Vefsetur helgað veislumat og vínum

SKG-veitingar á Ísafirði bætast senn í hóp þeirra vestfirsku fyrirtækja sem halda úti vef sem hluta af starfsemi sinni. Hefur fyrirtækið samið við tölvu- og ráðgjafafyrirtækið Netheima ehf. á Ísafirði um hönnun, forritun og viðhald vefjarins. Að sögn Karls Ásgeirssonar hjá SKG-veitingum mun kenna ýmissa grasa á hinum nýja vef.

„Fólk á að geta kynnt sér matseðla og vínlista sem í gildi eru hverju sinni og þeir sem hyggja á veisluhöld geta skoðað hvað í boði er fyrir hópa. Einnig gefst fólki kostur á að skrá sig í netklúbb SKG þar sem m.a. verður hægt að fá send sérstök afmælisdagatilboð og taka þátt í lukkupotti sem dregið er úr reglulega, auk frétta af fyrirhuguðum viðburðum og tilboðum sem framundan eru hverju sinni“, segir Karl.

Á vefnum verður auk þess greinasafn um matar- og vínmenningu og gefst matargestum einnig tækifæri á að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum til forráðamanna SKG. Að sögn Karls er það von forráðamanna SKG að fólk notfæri sér þessa nýbreytni og tryggi með því að vefurinn verði lifandi og skemmtilegur. Áætlað er að vinnu við vefinn verði lokið í lok nóvember og að hann tekinn í notkun 1. desember.


# Vetrarskoðun

**15** atriði til að auðvelda þér veturinn og þér líður miklu betur, að ekki sé talað um bílinn

Innifalið er:

1. Skipt um kerti
2. Loftsía athuguð
3. Viftureim athuguð
4. Mæla hleðslu og rafgeymir
5. Hreinsa og smyrja rafgeymispóla
6. Athuga rúðuþurrkur
7. Setja á spíssahreinsir
8. Setja ísvara á rúðusprautur
9. Athuga öll ljós
10. Mæla frostþol kælivökva
11. Athuga pústkerfi
12. Athuga dempara
13. Athuga olíu á vél
14. Smyrja silicon á þéttikanta
15. Smyrja hurðalæsingar og lamir

Innifalið efni: Kerti, ísvari, silicon, spíssahreinsir

**Komið í vetrarskoðun hjá okkur!**

Pöntunarsíminn er 456 4580

Fast verð: 4 cyl. kr. 9.800.- Ath! 10% afsláttur til 1. desember

BÍLATANGI HF. ÍSAFIRÐI

**Bílatangi ehf.**
**Suðurgötu 9, Ísafirði**


Stuttar af bb.is

### 700 þúsund handa Skrúði

Heimildamynd um Skrúð í Dýrafirði var sýnd í Sjónvarpinu á liðnu vori. Þar var gerð grein fyrir þeirri miklu vinnu sem lögð var í að endurnýja garðinn fyrir nokkrum árum. Í framhaldinu var kallað eftir liðveislu þeirra sem láta sér annt um garðinn. „Alls söfnuðust um 700 þúsund krónur og hefur söfnunin því skilað góðum árangri. Upphæðin mun bætast við þann sjóð sem þegar er fyrir hendi og mun renna enn styrkari stoðum undir það viðhaldsstarf sem nauðsynlegt er að inna af hendi“, segir í tilkynningu frá Framkvæmdasjóði Skrúðs. „Árangurinn sannar það enn og aftur að Skrúður á trygga bakhjarla sem er annt um varðveislu garðsins.“

### Dagatal Önfirðinga

Dagatal Önfirðingafélagsins í Reykjavík fyrir árið 2003 er komið út. Áralöng hefð er komin á útgáfu dagatalsins sem er ein þeirra leiða sem notaðar eru til að halda tengslum brottfluttra Önfirðinga við gamlar heimaslóðir. Hverjum mánuði fylgir ljósmynd af náttúrufari eða mannlífi á Flateyri og um allan Önundarfjörð. Upplagið er 2.500 eintök og fara mörg þeirra víða um lönd þar sem gamlir Önfirðingar eru niður komnir.

### Verslunin Jón og Gunna flytur

Fataverslunin Jón og Gunna, sem hefur um árabil verið á efri hæð í verslunarmiðstöðinni Ljóninu á Skeiði á Ísafirði, verður fyrsta verslunin sem flyst í gamla Kaupfélagshúsið á Ísafirði eftir að Samkaup fóru yfir í Neista. Gengið var frá samningi þess efnis í síðustu viku. „Samkvæmt björtustu vonum“ er stefnt að því að opna á nýja staðnum laugardaginn 7. desember, að sögn Sigríðar Sigurjónsdóttur, sem á verslunina Jón og Gunnu ásamt Önnu Guðrúnu Sigurðardóttur. „Við höldum okkar striki og leggjum áfram áherslu á að veita viðskiptavinum okkar góða þjónustu“, segir Sigríður. Hjá Jóni og Gunnu fæst fatnaður fyrir dömur og herra allt frá fermingaraldri og upp úr, en elsti viðskiptavinurinn til þessa var 102 ára.

# Mörg tækifæri sem bíða þess að verða nýtt

## – segir Ómar Már Jónsson, nýráðinn sveitarstjóri í Súðavík

Ómar Már Jónsson er nýráðinn sveitarstjóri Súðavíkurhrepps. Hann er uppalinn Súðvíkingur en hefur undanfarin sex ár verið upptekinn við að byggja upp sitt eigið fyrirtæki í Reykjavík. Nýverið fluttist hann aftur til Súðavíkur og er fullur tilhlökkunar að takast á við ný verkefni sveitarfélagsins.

Þegar rætt var við Ómar hafði hann verið í á þriðju viku í Súðavík. „Ég átti í rauninni ekki að byrja strax en oddviti hreppsnefndar hafði óskað eftir því að ég kæmi eins fljótt og auðið væri. Það gekk vel að ráða eftirmann í mitt starf fyrir sunnan, svo að ég gat komið fyrr en ég ætlaði upphaflega.“



### Mikill vöxtur

Syðra hafði Ómar starfað í sex ár sem framkvæmdastjóri hjá Fagkynningu, fyrirtæki sem hann stofnaði ásamt fjórum öðrum. „Vöxturinn hjá fyrirtækinu hefur verið mikill og hefur velta þess meira en tvöfaldast milli ára fimm af þeim sex árum sem það hefur starfað, en á þessu ári fer veltan yfir 100 miljónir. Fagkynning sérhæfir sig í vörukynningum, þjónustukynningum og sýningum.

Fyrirtækið var upphaflega búið til utan um vörukynningar í matvöruverslunum og er eina fyrirtækið sem sérhæfir sig í slíkri starfsemi hér á landi. Þegar Fagkynning var stofnuð var ég eini starfsmaðurinn en fyrirtækið hefur vaxið mjög hratt og starfa nú fimm manns hjá því í fullu starfi og um 120 manns í hlutastarfi.“

### Framkvæmdamaður

– Svo að þér hefur ljóslega tekist að koma ár þinni nokkuð vel fyrir borð. Hvers vegna ákvaðstu að söðla um og sækja um starf sveitarstjóra í Súðavík?

„Ég lít á mig sem framkvæmdamann. Mér finnst mjög gefandi að byggja upp og lagði mikið upp úr því að ná góðum árangri með fyrirtækið. Núna er þróun og uppbyggingu þess að miklu leyti lokið og sú vinna sem er framundan felst í að hlúa að og þróa enn frekar innri starfsemi, gera hana skilvirkari og hámarka arð fyrirtækisins. Á þeim tímapunkti taldi ég gott að hleypa nýjum aðila að til að keyra félagið áfram og snúa mér sjálfum að öðrum spennandi verkefnum.

Þegar ég sá svo auglýst starf sveitarstjóra í Súðavík, mínum gamla heimabæ, fannst mér tilvalið að söðla um. Ég lít á starf sveitarstjóra sem mjög krefjandi starf. Ég er fullur starfsorku, og svo spillir að sjálfsögðu ekki fyrir að foreldrar mínir búa hérna, sem og systir mín og fjölskylda hennar.“

### Spennandi að koma aftur

„Síðan ég flutti frá Súðavík hef ég komið tvisvar-þrisvar á ári hverju í heimsókn og hef náð að fylgjast nokkuð með gangi mála í sveitarfélaginu. Ég hafði sagt fyrir einhverjum tíma síðan, meira í gríni en í alvöru, að það væri aðeins eitt starf sem gæti hugsanlega heillað mig meira en það að vera framkvæmdastjóri Fagkynningar: Að vera sveitarstjóri í Súðavík. Þegar ég frétti síðan að starfið yrði auglýst sótti ég um því ég tel að hér geti nýst sú þekking, reynsla og sambönd sem ég tel mig hafa til áframhaldandi uppbyggingar Súðavíkurhrepps.

Sveitarfélagið er betur statt fjárhagslega en mörg önnur sambærileg sveitarfélög, er með Sumarbyggðina sem býður upp á þó nokkra möguleika, landrými er hér mikið og fólkið harðduglegt. Meðal annars vegna þessara þátta eru mörg tækifæri fyrir hreppinn og íbúa hans og svo er það í okkar höndum hversu vel okkur tekst að spila úr því sem okkur er gefið.

Eiginkona mín, Laufey Þóra Friðriksdóttir, er ekki ókunn lífinu á landsbyggðinni, en hún er fædd og uppalin á Helgastöðum í Suður-Þingeyjarsýslu. Við komum ekki tómhent og ætlum að efla atvinnulíf í Súðavík. Nú er verið að innrétta gamla Shell-skálann í gömlu byggðinni og þar ætlar Laufey að opna hárgreiðslustofu aðra vikuna í desember, en hún hefur starfað við fagið í um 13 ár.”

### Hafði mikið frelsi sem barn

Ómar er fæddur á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði árið 1966 og aldist upp í Súðavík. „Foreldrar mínir eru Jón Ragnarsson frá Hlíð í Álftafirði og Ásthildur Torfadóttir frá Ísafirði. Mér fannst mjög gott að alast upp í Súðavík en maður áttar sig samt betur á hversu gott það var þegar maður kemst á fullorðinsár. Hér hafði maður mikið frelsi sem barn og mér finnst það skipta miklu að börnin mín fái sömu tækifæri. Eins og margir aðrir fór ég á sjóinn fljótlega eftir að ég kláraði gagnfræðaskóla, fór í Stýrimannaskólann tvítugur að aldri, náði mér í skipstjórnarréttindi og fór aftur á sjóinn og reri meðal annars á Framnesi frá Þingeyri.“

Þrátt fyrir að Ómar kynni ágætlega við sig í glímu við Ægi konung átti sjómennskan ekki eftir að verða hans ævistarf. „Upp úr 1990 fór ég í Tækniskólann og tók hann í tveimur hollum. Í millitíðinni var ég á Bessanum og var á honum þegar snjóflóðið féll á byggðina í Súðavík snemma árs 1995. Að hausti sama árs hélt ég áfram námi í Tækniskólanum. Mér sóttist námið ágætlega og ég útskrifaðist í lok árs 1996 sem iðnrekstrarfræðingur á markaðssviði.

Ég var mjög lánsamur þegar ég útskrifaðist. Ég var, eins og margir nýútskrifaðir rekstrarfræðingar, með margar hugmyndir en minni möguleika til að vinna úr þeim. Mjög fljótlega bauðst mér þó tækifæri til að fara út í atvinnurekstur með aðila sem var markaðsstjóri hjá fyrirtæki sem ég vann lokaverkefni mitt fyrir í náminu. Þannig varð fyrirtækið Fagkynning til.“

### Á heildina litið hefur uppbyggingin tekist vel

Meðan Ómar byggði upp sitt fyrirtæki í Reykjavík stóð mikil uppbygging fyrir dyrum í Súðavík. Margir hafa gagnrýnt ýmsa þætti þeirrar uppbyggingar, en hvernig finnst Ómari hafa tekist til?

„Að sjálfsögðu er auðvelt að standa fyrir utan og gagnrýna hina ýmsu þætti, og þegar litið er til baka kemur í ljós að ýmislegt hefði mátt vinna öðruvísi. Aftur á móti tel ég að það gagnist engum að velta sér upp úr því sem liðið er, svo lengi sem menn draga lærdóm af því. Við getum ekki breytt því en við getum haft áhrif á og breytt nútímanum og því sem framundan er.

Á heildina litið tel ég að uppbygging Súðavíkur eftir snjóflóðið hafi gengið mjög vel. Í dag sé ég fallega byggð á góðum stað, fallegt umhverfi, jákvætt fólk og samhentan hóp íbúa sem er vel í stakk búinn til að takast á við framtíðina.“

### Verðum að vita hvað við viljum

„Ég sé mjög mörg tækifæri í Súðavík sjálfri og í hreppnum öllum, en landamæri hans ná inn í botn Ísafjarðar í Inndjúpi í suðri. Til að geta nýtt þessi tækifæri þurfum við að setja okkur háleit markmið. Íbúar sveitarfélagsins þurfa að spyrja sig að því hvernig við viljum hafa sveitarfélagið eftir t.d. fimm ár. Hvernig viljum við að atvinnumöguleikar verði? Hvernig viljum við að íbúaþróunin verði? Það er ekki fyrr en við erum búnir að átta okkur á því hvað við viljum að við getum farið að huga að því hvað þarf að gera til að ná settum markmiðum.

Mér líst mjög vel á þá einstaklinga sem sitja í hreppsnefnd og ég tel að þar sé á ferðinni dugmikið fólk sem hefur það sem til þarf til að taka á málefnum hreppsins á faglegan hátt. Ég hef fundið fyrir miklum velvilja í minn garð og legg mikið upp úr því að eiga gott samstarf við starfsmenn og aðra íbúa hreppsins.

Ég mun gefa mér góðan tíma til að setja mig inn í starfið, safna upplýsingum og meta stöðuna. Þá mun fara ákveðin vinna í að greina stöðuna og mynda sér skoðun á því hvar best er að blása til sóknar. Varðandi atvinnuuppbyggingu á staðnum finnst mér að hlutverk sveitarfélagsins í þeim málum eigi fyrst og fremst að vera að byggja upp og skapa gott rekstrarumhverfi og styrkja síðan með tiltækum ráðum þá sem eru tilbúnir að stofna og starfrækja sín fyrirtæki hér.

Í stjórnsýslulegu umhverfi er ákvörðunarferlið nokkuð ólíkt því sem ég á að venjast. Ég þarf þess vegna að vinna náið með hreppsnefnd sem tekur endanlegar ákvarðanir, en eins og ég sagði áður líst mér vel á það samstarf.“

### Höfum áttað okkur á stöðunni

„Mörg áföll hafa dunið á Vestfirðingum undanfarin ár og meðal annars hefur atvinnulífið beðið skaða sem leitt hefur til fólksfækkunar. Það hefur tekið tíma að ná áttum og ég tel að við séum komin á góðan veg með að aðlagst nýjum aðstæðum. Það er mikilvægt að halda áfram að sækja fram á við. Ég tel að við getum gert mikið átak í að bæta ímynd Vestfjarða sem mér finnst hafa skekkst nokkuð undanfarin ár”.

**Ertu búin(n) að panta auglýsingapláss fyrir jólin? Síminn er 456 4560**















# 69. hjónaballið á Þingeyri

Hjónaballið sem haldið var í Félagsheimilinu á Þingeyri á laugardagskvöld var hið sextugasta og níunda í röðinni. Þessi viðburður hefur verið árviss frá því um 1930 nema hvað einhvern tímann munu tvö ár hafa fallið úr, að sögn Jóhönnu Gunnarsdóttur sem sæti átti í hjónaballsnefndinni. Um 120 manns voru í fagnaðinum þar sem Magnús Reynir Guðmundsson á Ísafirði var veislustjóri. Fjölmargt var til gamans gert og má nefna að Guðjón Arnar Kristjánsson alþingismaður tók lagið ásamt því sem fjöldasöngur var hafður í frammi og leikið var á saxófóna og píanó. Að vanda voru fluttar gamanvísur um hjónaballsnefndina, en formaður hennar er Magnús Sigurðsson. Jóhannes Oddur Bjarnason kokkur hafði veg og vanda af hlaðborðinu í fagnaðinum. Að loknum skemmtiatriðum og borðhaldi lék Hjónabandið fyrir dansi en hjónin á Vöðlum í Önundarfirði skipa sem kunnugt er þá ágætu tveggja manna hljómsveit. Myndirnar sem hér fylgja tala sínu máli en fleiri myndir verða settar inn í svipmyndasyrpu á Ljósmyndavef bb.is á næstu dögum.













ÍSAFJARÐARBÆR

**ORÐSENDING TIL ÍBÚA ÍSAFJARÐARBÆJAR**

Þar sem nú er unnið að nýrri þjóðskrá miðað við 1. desember 2002 er íbúum sveitarfélagsins bent á að tilkynna um breytt lögheimili sem allra fyrst.
**Eigendum íbúða** er skylt að fylgjast með búsetuskráningu leigjenda sinna.
**Forstöðumenn fyrirtækja og stofnana** eru hvattir til að minna nýtt starfsfólk á að flytja lögheimili sitt sé þess þörf.
Skrifstofan á Ísafirði er opin frá kl. 10:00 til 15:00 alla virka daga. Einnig eru skrifstofurnar á Suðureyri og Þingeyri opnar og taka á móti tilkynningum.
Hægt er að ná sambandi við manntalsfulltrúa í síma 450 8000 sé frekari upplýsinga þörf.

*Bæjarstjórinn í Ísafjarðarbæ.*

**SUMARBÚSTAÐUR TIL SÖLU Á FLATEYRI**

Til sölu er sumarbústaður við Oddatún 2 á Flateyri. Bústaðurinn er byggður árið 1995 og var fluttur til Flateyrar eftir snjóflóðið í október 1995. Bústaðinn þarf að fjarlægja af núverandi stað eigi síðar en á komandi vori.
*Oddatún 2, fnr. 222-4833 56,1m² 1995*
Þeir sem hafa áhuga sendi inn skriflegt kauptilboð á skrifstofu Ísafjarðarbæjar að Hafnarstræti 1, Ísafirði, í síðasta lagi þann 3. desember nk. Tilboð verða opnuð á skrifstofu Ísafjarðarbæjar á Ísafirði, þann 6. desember nk. kl. 11:00. Ísafjarðarbæjar áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.
Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Ísafjarðarbæjar á Ísafirði.

*Bæjarritari Ísafjarðarbæjar.*

**Framboðsmál Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi**

# Stuðningur við sr. Karl sem fulltrúa Vestfirðinga

Framboðsmál Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi vegna komandi þingkosninga voru meðal þess sem rætt var á almennum félagsfundi í Samfylkingunni í Ísafjarðarbæ í síðustu viku. Hátt í fjörutíu manns sátu fundinn. Hermann Níelsson, annar tveggja fulltrúa Vestfirðinga í uppstillingarnefnd, kynnti þá vinnu sem farið hefur fram hjá nefndinni til þessa.

„Nokkur umræða varð um það hversu fastheldin uppstillingarnefnd ætti að vera á gömlu kjördæmaskipunina við uppröðun á listann og hvaða fulltrúar ættu þar best heima", sagði Sturla Páll Sturluson, formaður Samfylkingarinnar í Ísafjarðarbæ. „Meirihluti þeirra er þá tóku til máls óskuðu eftir því að þeim skilaboðum yrði komið til uppstillingarnefndar að þeir vildu gjarnan fá að sjá sr. Karl V. Matthíasson sem fulltrúa gamla kjördæmisins á listanum, þótt aðrar hugmyndir hafi einnig verið viðraðar. Í máli manna kom einnig fram að úr vöndu væri að ráða fyrir uppstillingarnefnd þegar svo margir frambærilegir frambjóðendur knýja á um að verma efstu sæti listans", sagði Sturla Páll.

Á fundinum var eftirfarandi yfirlýsing undirrituð af miklum meirihluta fundarmanna:

„Við undirritaðir félagar í Samfylkingunni beinum þeim tilmælum til uppstillingarnefndar í Norðvesturkjördæmi, að tekið verði tillit til eftirfarandi þátta við uppstillingu á framboðslista Samfylkingarinnar til Alþingis fyrir árið 2002:

Við val á fulltrúum á framboðslista til Alþingis verði þess gætt, að hvert hinna gömlu kjördæma eigi sinn fulltrúa í þremur efstu sætum listans, sbr. samþykkt aðalfundar kjördæmisráðs sem haldinn var á Hólmavík 26. október sl.. Í greinargerð með þeirri samþykkt er lögð áhersla á mikilvægi þess að hvert hinna gömlu kjördæma eigi sinn fulltrúa.

Mikilvægt er að kjósendur í gömlu kjördæmunum komi auga á fulltrúa síns svæðis á framboðslistanum. Annars er hætta á að þeir leiti að honum á öðrum listum. Fylgið gæti því hrunið af Samfylkingunni á því svæði sem ekki á sinn fulltrúa í efstu sætum.

Karl Valgarður Matthíasson þingmaður Vestfirðinga hefur gefið kost á sér í efstu sæti listans og lítum við því á hann sem fulltrúa Vestfirðinga í eitt af þremur efstu sætum hans."

**Safnahús Ísafjarðar á Eyrartúni**

# Framkvæmdir ganga vel

Framkvæmdum innanhúss í Safnahúsi Ísafjarðar á Eyrartúni miðar vel, að sögn Eiríks Kristóferssonar, framkvæmdastjóra verktakafyrirtækisins Eiríks og Einars Vals sem hefur verkið með höndum.

„Nú er verið að ganga frá risinu, einangra það og fleira. Einnig er verið að leggja skolp- og hitalagnir, sparsla og mála á öllum hæðum og flota öll gólf", segir Eiríkur. Auk fjögurra til fimm starfsmanna Eiríks og Einars Vals vinna menn frá undirverktökunum Rörtækni og Múrkrafti, auk Guðmundar Níelssonar málara, að því að koma þessu fræga og glæsilega húsi Guðjóns Samúelssonar húsameistara í það horf sem sæmir sögu þess og framtíðarhlutverki. Stefnt er að því að Listasafn Ísafjarðar verði formlega opnað næsta sumar með opnunarsýningu í Safnahúsi Ísafjarðar.



*Iðnaðarmenn að störfum í Safnahúsi Ísafjarðar, betur* ***þekktu sem Gamla sjúkrahúsinu.***

Ætlunin er að á sýningunni verði verk eftir ísfirska málarann Kristján H. Magnússon og optiklistakonuna Eyborgu Guðmundsdóttur, sem ættuð er frá Ísafirði og frænka Kristjáns. Tilkynnt hefur verið um veglegar listaverkagjafir til safnsins. Þar á meðal eru verk úr dánarbúi Finns Jónssonar, fyrrum alþingismanns og ráðherra frá Ísafirði. Einnig ætla börn Torfa Hjartarsonar, fyrrverandi sýslumanns og bæjarfógeta á Ísafirði, að gefa Listasafni Ísafjarðar málverk úr búi foreldra sinna.

## afmæli



***Kristín Jónína Kolbeinsdóttir (Gína)***, Grundargötu 6, Ísafirði verður ***75 ára*** föstudaginn 22. nóv. nk. Hún og eiginmaður hennar, Gunnar Hólm Sumarliðason, ætla að gleðjast með nánustu ættingjum á heimili sínu á afmælisdaginn.

## STAKKUR SKRIFAR

# Kristinn annar!

Mikil eru umsvifin í stjórnmálabaráttunni í nýja kjördæminu okkar Vestfirðinga, Norðvesturkjördæmi. Framsóknarmenn komu saman að Laugum í Sælingsdal til þess að velja á framboðslistann að vori. Páli Péturssyni var þar velt úr sessi, þótt því hefði verið spáð í síðustu viku að hann kynni að verða fastur fyrir. Það reyndist haldlítill spádómur. Fleiri slíkir munu fylgja eftir á næstu vikum og mánuðum ef að líkum lætur. Margt er óráðið í heimi stjórnmálamannanna. Það vakti nokkra athygli á kjördæmisþinginu að Laugum, að Kristinn H. Gunnarsson hlaut bestu útkomuna úr fyrri umferðinni um val í fyrsta sætið, en Magnús Stefánsson hreppti það er kosið var á milli þeirra félaga. Kristinn hafði hins vegar annað sætið í fyrstu kosningu. Herdís Sæmundardóttir úr Skagafirði hlaut hið þriðja.

Birkir Þ. Guðmundsson náði ekki væntingum sínum. En það gerði hins vegar Ísfirðingurinn Albertína Elíasdóttir, sem bauð sig ein fram í sjötta sætið og sýndi þar talsverð klókindi og verður hugsanlega einn af varaþingmönnum, sem við munum sjá taka sæti á Alþingi á næsta kjörtímabili. Þar með fetar hún í fótspor ömmu sinnar, Magdalenu Sigurðardóttur. Fyrir Vestfirðinga er það góð niðurstaða að eiga fulltrúa sinn næsta öruggan í þinglið Framsóknarflokks að loknum kosningum í vor. Þar verður Kristinn annar á listanum. Kristinn hefur veðjað rétt á sínum pólitíska ferli, sem hófst fyrir Alþýðubandalagið heitið í Bolungarvík fyrir tveimur áratugum, hélt áfram er hann vann þingsæti fyrir sömu fylkingu 1991 og kristallaðist í vistaskiptunum yfir í Framsóknarflokkinn fyrir fjórum árum, þar sem hann hefur að vísu verið umdeildur en er nú formaður þingflokksins.

Athyglisvert var að fylgjast með kjördæmisþinginu á laugardaginn og fróðlegt að heyra hvernig félagsmálaráðherra brást við dómi flokksmanna sinna um áframhaldandi þingsetu á þeirra vegum. Það er athugunarefni og áhyggjuvert að stjórnmálaforingjar, sem komnir eru að lokum venjulegs starfsaldurs fólks, skuli ekki skynja það og skilja, að enginn er eilífur í stjórnmálum og þau eru svo umsvifamikil að ekki er ætlandi nokkrum manni að sitja á þingi eða í sveitarstjórn sleitulaust. Það er engum hollt og kann að koma í veg fyrir eðlilega endurnýjun.

En það er vissulega rétt að ekki er heiglum hent að taka þátt í þeim grimma slag samherja sem val fulltrúanna er á lista stjórnmálaflokka. Það sýnir sig greinilega í umræðum og átökum er fylgt hafa í kjölfar prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu og deilum þeim er komið hafa upp á yfirborðið í röðum Samfylkingar. Hitt má öllum vera ljóst, að þótt allt bendi til ótrúlegrar handvammar, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, á Akranesi og ef til vill víðar, er versti kosturinn sá að endurtaka prófkjör. Hitt er sýnu verra ef að þátttakendur og stuðningsmenn þeirra sjást ekki fyrir í kappi sínu. Þar er óleystur vandi Samfylkingarinnar í kjördæminu.

***Stakkur*** hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

## SPURNINGIN

***Spurt var:***

***Hvaða leið er að þínu mati best til að velja framboðslista?***

***Alls svöruðu 396.***
***Opið prófkjör sögðu 196 eða 49,49%***
***Lokað prófkjör sögðu 146 eða 36,87%***
***Uppstilling sögðu 54 eða 13,64%***

*Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.*

*Þar sem púlsinn slær...*
bb.is

Héraðssamband Vestfirðinga

# Grasvöllur á Torfnesi fyrsta verkefnið í forgangsröðun

Nýr grasvöllur á Torfnesi á Ísafirði er fyrsta verkefnið í forgangsröð sem stjórn Héraðssambands Vestfirðinga (HSV) hefur lagt til við bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ að fylgt verði. Í öðru sæti í forgangsröðinni er íþróttahús á Suðureyri og síðan skipulag og skilgreining íþróttasvæðis í bæjarfélaginu til framtíðar. Þetta kom fram á fundi íþrótta- og æskulýðsnefndar Ísafjarðarbæjar fyrir stuttu. „Knattspyrnumenn eru búnir að bíða lengi eftir úrbótum og æfingasvæði“, sagði Kristinn Jón Jónsson, formaður HSV, þegar hann var spurður út í þessa forgangsröðun.

„Á Suðureyri vantar íþróttahús en það mun nýtast bæði fyrir íþróttakennslu skólabarna og fyrir almennar íþróttir. Þó að framtíðarskipulag íþróttamannvirkja sé síðast í þessari forgangsröð vil ég að lagt verði eitthvert fé til skipulagsvinnu og íþróttasvæði verði tekið frá til síðari nota. Þá er ég ekki að tala um neinar framkvæmdir á svæðinu strax, úr því að Landsmót UMFÍ var slegið af“, segir Kristinn Jón.

„Eftir stendur að nauðsynlegt er að vita hvað við ætlum að gera næstu tuttugu til þrjátíu árin og hvar við ætlum að hafa íþróttamannvirkin. Ég vil helst að þetta verði gert sem fyrst, þannig að hægt verði að byrja að laga umhverfið og gróðursetja kringum væntanlegt íþróttasvæði. Það má gera ýmislegt í sjálfboðavinnu en gróðurinn þarf tíu til tuttugu ár til að ná sæmilegum vesti. Síðan er aldrei að vita nema við sækjum aftur um Landsmót að einhverjum tíma liðnum og þá þurfum við að vita hvað við höfum í höndunum. Ég setti þessa skipulagsvinnu ekki forgang en hún kostar ekki mikið. Hins vegar er þetta ákveðinn ferill og það tekur tíma að koma þessu í gegn um aðalskipulag og deiliskipulag“, segir Kristinn Jón.

Myndlistarsýning í Gamla Apótekinu á Ísafirði

# Frumraun ungrar listakonu

Guðrún Sigríður Matthíasdóttir myndlistarkona á Ísafirði heldur um þessar mundir sýningu í Gamla Apótekinu, kaffi- og menningarhúsi ungs fólks á Ísafirði. Hún sýnir þar þrjátíu vatnslitamyndir sem allar eru unnar á þessu hausti. Guðrún Sigríður kveðst alla tíð hafa verið „föndrari“ en vatnslitatæknina er hún nýbúin að tileinka sér.

Sýningin er í sal sem nýbúið er að taka í gegn. Myndirnar verða til sýnis í Gamla Apótekinu til 16. desember og eru til sölu. Þær eru ekki fígúratífar heldur margvíslegar litasamsetningar. Þetta er fyrsta sýning listakonunnar.



*Guðrún Sigríður við myndirnar á sýningunni.*


## Arnar G. Hinriksson hdl.

**Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243**

## Fasteignaviðskipti

**Eftirtaldar eignir eru einungis sýnishorn úr söluskrá okkar, leitið nánari upplýsinga á skrifstofu.**

### ÍSAFJÖRÐUR:

**Austurvegur 12:** Tæplega 60 m² 3ja herb. íbúð á annarri hæð.
**Austurvegur 13:** Efri hæð og ris. Laus eftir 2 mánuði.
Verð kr. 5.500.000,-
**Fjarðarstræti 14:** 4ra herb. íbúð á 1. hæð, 100 m², 60m² kjallari og geymsluskúr 38m².
Verð kr. 5.800.000,-
**Grundargata 2:** Rúml. 60m² 2ja herb. íbúð á 1. hæð. Verð kr. 3.000.000.- Laus.
**Mánagata 6:** Efri hæð 155m² 5-6 herbergja.
**Mjallargata 1:** 70m² 2ja-3ja herb. íbúð á 2. hæð.
**Smiðjugata 11a,** rúmlega 150m² einbýlishús, tvær hæðir, ris og kjallari ásamt litlum bílskúr.
**Stórholt 7:** 3ja herb. íbúð á 2. hæð f.m. Verð kr. 3.800.000. Laus.
**Stórholt 13:** 80 m² 3ja herb. íbúð á 2. hæð t.h. Góð lán áhvílandi. Gott útsýni. Verð kr. 5.000.000,-
**Strandgata 5:** Hnífsdal, 2ja herb. íbúð 65 m² á 2. hæð í sambýlishúsi. Íbúðin er laus. Verð kr. 800.000,-
**Túngata 18:** 90 m² 4 herb. íbúð á 3. hæð. Laus fljótlega.
Verð kr. 6.500.000,-
**Urðarvegur 70:** Raðhús með innb. bílskúr alls um 195m². Laust eftir samkomulagi. Verð tilboð.



**Seljalandsvegur 12:** 145m² einbýlishús. Verð kr. 5.200.00. Laust.



**Fjarðarstræti 13:** Húsið er tvær hæðir og kjallari ásamt 50m² bílskúr. Góð lóð. Á hvorri hæð er ca. 80m² íbúð og í kjallara ófullgerð minni íbúð. Húsið selst í einu lagi eða hver íbúð sér.

### BOLUNGARVÍK:

**Heiðarbrún 2, Bolungarvík:** Rúml. 140m² einbýlishús ásamt bílskúr. Laust samkv. samkomulagi.
**Höfðastígur 6:** Rúmlega 170m² íbúð á efri hæð og séríbúð í kjallara. Getur selst sitt í hvoru lagi.
**Ljósaland 6:** 256,7m² einbýlishús með innb. bílskúr. Laust. Verð kr. 3.500.000,-
**Skólastígur 19:** Rúmlega 100m² íbúð á efri hæð í parhúsi. Verð kr. 4.200.000,-. Bein sala, en skipti á einb.húsi koma til gr.
**Stigahlíð 2 og 4:** 2ja og 3ja herb. íbúðir. Verð: 1,5 til 3 milljónir.
**Traðarland 29:** 182 m² einbýlishús með innb. bílskúr.
Verð kr. 8.600.00.
**Vitastígur 21:** 3ja herbergja íbúð á efri hæð.
**Þjóðólfsvegur 16:** 2ja herbergja íbúð á 3. hæð. Laus. Verð kr. 1.300.000,-
**Þuríðarbraut 9:** 122m² einbýlishús ásamt 66m² bílskúr.
Verð kr. 2.800.000,-. Laust.

### FLATEYRI:

**Hjallavegur 16:** 74m² raðhús, illa farið. Verð kr. 1.500.000,-. Laust.

### BÍLDUDALUR:

**Arnarbakki 1:** 104m² einb.hús. Laust. Verð kr. 3.200.000,-

### PATREKSFJÖRÐUR:

**Aðalstræti 120:** 140 m² sérhæð í tvíbýlishúsi.
**Aðalstræti 51:** 162 m² sérhæð.
**Hjallar 10:** Rúmlega 200 m² einbýlishús. Mjög illa farið.
Verð kr. 200.000,-
**Sigtún 21:** 115 m² raðhús.
**Stekkjar 14:** 173m² tvílyft einbýlishús. Verð 4.700.000,-. Laust.


HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

## *Foreldrar í Ísafjarðarbæ ath!*

*Byrjað verður að bólusetja við heilahimnubólgu mánudaginn 18. nóvember 2002. Öll börn undir skólaaldri, þ.e.a.s börn 5 ára og yngri, verða bólusett á heilsugæslustöðvunum.*

*Börn á skólaaldri, 6-18 ára, verða bólusett í skólunum. Börn 6-9 ára verða bólusett í byrjun næsta árs og verður það auglýst síðar. Í Grunnskólanum á Ísafirði verður bólusett skv. dagskrá sem er á Skólatorginu.*

*Heilsugæslustöðinni á Suðureyri á læknatíma á mánudögum.*

*Heilsugæslustöðinni í Súðavík á læknatíma á þriðjudögum.*

*Foreldrar eru einnig velkomnir með börnin á Heilsugæslustöðina á Ísafirði.*

*Heilsugæslustöðin á Flateyri. Tímapantanir í síma 456 7638.*

*Heilsugæslustöðin á Þingeyri. Tímapantanir í síma 456 8122.*

*Heilsugæslustöðin á Ísafirði:*

*Börn fædd 1997 frá 18.11-22.11 2002*
*Börn fædd 1998 frá 25.11-29.11 2002*
*Börn fædd 1999 frá 02.12-06.12 2002*
*Börn fædd 2000 frá 09.12-13.12 2002*
*Börn fædd 2001 frá 16.12-20.12 2002*
*Börn fædd 2002 frá 06.01-10.01 2003*

*Engar tímapantanir en hægt er að koma milli kl. 08 og 15.*

*Sigrún Magnúsdóttir, hjúkrunarforstjóri.*

## *Kvenfélagskonur á Vestfjörðum!*

*Jólafundur S.V.K. verður haldinn á Hótel Ísafirði **sunnudaginn 24. nóvember kl. 16.***

*Dagskráin hefst með kaffihlaðborði og síðan verður boðið upp á:*

***Upplestur úr nýjum bókum.***
***Söng.***
***Tiskusýningu frá versluninni Silfurtorgi.***
*(allt það nýjasta í undirfatnaði og náttfatnaði ásamt kynningu á snyrtivörum).*
***Jólaglaðningur.***
*Verð kr. 1.000*

*Konur! Komið og eigið góðan eftirmiðdag og takið með ykkur gesti.*

*Stjórnin.*

## *Foreldrasamverur*

*Samverur fyrir foreldra og börn þeirra verða í Safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju á fimmtudagsmorgun frá kl. 10:30 til 12:00.*

*Opið hús og heitt á könnunni.*

# Árshátíð HG sjaldan eða aldrei betri



Starfsmenn Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. héldu árshátíð sína í Félagsheimilinu í Hnífsdal laugardagskvöldið 9. september. Um 140 manns, starfsfólk og makar, sóttu hátíðina og snæddu steikur af hlaðborði sem Þorsteinn Þráinsson sá um. Björgunarsveitin Tindar veitti aðstoð í eldhúsi og sal.

„Svo var sýningin „Those Were The Days“ keypt á árshátíðina og Halli & Þórunn léku fyrir dansi fram eftir nóttu. Þetta hefur sjaldan eða aldrei tekist betur en nú“, segir Andrés Guðmundsson, formaður starfsmannafélags Hraðfrystihússins-Gunnvarar. Myndirnar sem hér fylgja tók Þorsteinn J. Tómasson.

















Ert þú búin(n) að tryggja þér auglýsingapláss fyrir jólin?

Hafið samband við Sigurjón í síma 456 4560



Helgartilboð
BAUTABÚRIÐ
BAUTABÚRIÐ
199
kr./kg
1.499
kr./kg
881
kr./kg
Bayonneskinka
GOÐI
-alltaf góður
KJÖTSEL
898
kr./kg
1.569
kr./kg
799
kr./kg
BAUTABÚRIÐ
199
kr./kg
KJÖTSEL
1.099
kr./kg
SAMKAUP
Ísafirði

# helgardagbókin

**skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf**

## smáar

Blár leikbogi með mjúkum leikföngum til að setja á barnabílstóla eða ömmustól tapaðist fyrir nokkrum vikum. Finnandi vinsamlegast hafi samband í síma 456 3005.

Til leigu eða sölu er 2ja herb. íbúð að Grundargötu 2, á besta stað á eyrinni á Ísafirði. Laus strax. Uppl. gefur Sigríður í síma 456 3613 og 861 4913.

Eins og hálfs árs gamlan geldan fress vantar nýtt heimili vegna flutnings. Aðeins ábyrgir kattavinir koma til greina. Uppl. í síma 868 6799.

Til sölu er rauð Nissan Micra árg. 1998, ekinn 90 þús. km. Uppl. í síma 696 7372.

Handverksfélagið Koltra á Þingeyri! Opið á helgum frá kl. 14-17. Lengri opnunartími fyrir jólin.

Til sölu er Pajero, stuttur, árg. 98. Uppl. í síma 456 3501.

Vantar stofuborð, ódýrt eða gefins. Uppl. í síma 896 5828.

Má bjóða þér í dekur? Nánari uppl. gefur Fríða Rúnars í síma 891 6044 eða 456 5050.

Til sölu er Mazda 323 F, árg. 91, sjálfskiptur. Góður bíll. Uppl. í síma 820 0516.

Svart kvenmannsveski með gylltri keðju tapaðist í eða við Félagsheimilinu í Hnífsdal um fyrri helgi. Uppl. í s. 456 3681.

Óska eftir Nintendo leikjum af elstu gerð, ódýrt eða gefins. Uppl. í síma 893 5191.

Halló! Halló! Til sölu eru ýmsir nýstárlegir smámunir í jólapakkann eða til tækifærisgjafa. Uppl. í síma 456 4059. Guðríður.

Til sölu er 135m² íbúð á 2. hæð að Sundstræti 30 á Ísafirði ásamt bílskúr. Á sama stað eru til sölu felgur ásamt frekar lélegum nagladekkjum sem passa undir Toyota Touring. Uppl. gefur Dísa í síma 456 5905.

Saumaklúbbar athugið! Viljið þið dekurkvöld fyrir jólin? Hafið samband við Fríðu í símum 891 6044 eða 456 5050.

## kirkja

**Ísafjarðarkirkja:** Kirkjuskóli barnanna á laugardag kl. 11:00. Sophus ekur kirkjurútunni. Messa og altarisganga á sunnudag kl. 11:00. ***Ágúst Gíslason*** predikar.

**Holtsprestakall:** Kirkjuskóli barnanna er í Flateyrarkirkju kl. 13:30 á laugardag.

**bb.is**

## SJÓNVARPIÐ

### Föstudagur 22. nóvember

**16.35 At**
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stubbarnir (76:89)**
**18.30 Falin myndavél (46:60)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.10 Saga Lorettu Claiborne.** *(The Loretta Claiborne Story)* Fjölskyldumynd byggð á sannri sögu þroskaheftrar konu sem náði góðum árangri í frjálsum íþróttum. *Aðalhlutverk: Kimberly Elise, Tina Lifford, Camryn Manheim, og Damon Gupton.*
**21.40 Af fingrum fram.** Jón Ólafsson spjallar við íslenska tónlistarmenn og sýnir myndbrot frá ferli þeirra. Gestur hans í þættinum í kvöld er Magga Stína.
**22.15 Stjarnan eina.** *(Lone Star)* Bandarísk spennumynd frá 1996. Eftir að lögreglustjóri í landamærabæ í Texas finnur beinagrind forvera síns grafna í jörðu kemur ýmislegt dularfullt úr kafinu. *Aðalhlutverk: Kris Kristofferson, Matthew McConaughey, Chris Cooper og Elizabeth Pena.*
**00.25 Uns dauðinn aðskilur...** *(Love, Honour and Obey)* Bresk bíómynd frá 2000 um félaga í bófaflokki í Norður-London. *Aðalhlutverk: Sadie Frost, Jonny Lee Miller, Jude Law, Ray Winstone, Kathy Burke, Sean Pertwee, Denise Van Outen og Rhys Ifans. e.*
**02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### Laugardagur 23. nóvember

**09.00 Morgunstundin okkar**
**09.02 Stubbarnir (77:90)**
**09.26 Malla mús (32:52)**
**09.33 Undrahundurinn Merlín**
**09.43 Póstkassinn**
**09.45 Fallega húsið mitt (21:30)**
**09.52 Lísa (10:13)**
**09.57 Babar (55:65)**
**10.20 Póstkassinn**
**10.23 Krakkarnir í stofu 402 (36:40)**
**10.45 Hundrað góðverk (16:20)**
**11.10 Kastljósið**
**11.35 At**
**12.05 Geimskipið Enterprise (7:26)**
**12.50 Svona var það (9:27)**
**13.15 Mósaík**
**13.50 Landsmót hestamanna (1:2)**
**14.25 Þýski fótboltinn.** Bein útsending frá leik í úrvalsdeildinni.
**16.20 Bikarkeppnin í körfubolta.** Bein útsending frá úrslitaleiknum í Kjörísbikarkeppni karla í körfubolta.
**17.55 Táknmálsfréttir**
**18.05 Forskot (38:40)**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Laugardagskvöld með Gísla**
**20.25 Spaugstofan**
**20.50 Vandræðagemsar.** *(I Love Trouble)* Gamanmynd frá 1994. Tveir blaðamenn í Chicago sem eiga í harðri samkeppni taka saman höndum til að komast að hinu sanna um dularfullan atburð. *Aðalhlutverk: Julia Roberts og Nick Nolte.*
**22.55 Gjald sannleikans.** *(Le prix de la vérité)* Frönsk sakamálamynd frá 2001. Rannsóknardómari grennslast fyrir um lát vinkonu sinnar sem hann er sannfærður um að hafi verið myrt. *Aðalhlutverk: Anny Dupery og Pierre Mondy.*
**01.25 Tónlistarmyndbönd**
**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### Sunnudagur 24. nóvember

**09.00 Morgunstundin okkar**
**09.01 Disneystundin**
**09.55 Bubbi byggir (9:26)**
**10.06 Stundarkorn**
**10.12 Kobbi (5:13)**
**10.28 Franklín (45:65)**
**11.00 Nýjasta tækni og vísindi**
**11.15 Spaugstofan**
**11.40 Laugardagskvöld með Gísla**
**12.25 Mósaík**
**13.00 Kappar í kvikmyndum**
**14.00 Íslandsmótið í handbolta.** Bein útsending frá leik Stjörnunnar og Hauka í Essodeild kvenna.
**15.50 Af fingrum fram**
**16.30 Maður er nefndur**
**17.00 Markaregn**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.30 Ernst (3:7)**
**18.40 Melvin og kötturinn**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.00 Vörin og verbúðin.** Seinni hluti heimildarmyndar um sjósókn Íslendinga á opnum bátum á öldum áður. Bjarni Jónsson listmálari lýsir aðbúnaði og starfsháttum í verbúðum sem voru víða við strendur landsins. Með málverkum Bjarna og sjóminjum í Dritvík, á Stokkseyri og víðar er brugðið upp myndum af lífi og starfi í þessum samfélögum fiskimannanna.
**20.30 Líf á nýjum slóðum (6:6)**
**21.25 Helgarsportið**
**21.55 Björk í nærmynd.** *(Inside Björk)* Heimildarmynd um Björk Guðmundsdóttur tónlistarmann þar sem fjöldi tónlistarmanna og annarra samstarfsmanna hennar segir frá kynnum sínum af henni.
**22.50 Björk á tónleikum.** *(Björk at the Royal Opera House)* Upptaka frá tónleikum Bjarkar Guðmundsdóttur í Konunglega óperuhúsinu í London. e.
**00.15 Kastljósið**
**00.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## Stöð 2

### Föstudagur 22. nóvember

**06.58 Ísland í bítið**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Í fínu formi**
**09.35 Oprah Winfrey**
**10.20 Ísland í bítið**
**12.00 Neighbours**
**12.25 Í fínu formi**
**12.40 Three Sisters (2:16)**
**13.00 Jonathan Creek (16:18)**
**13.50 The Education of Max**
**14.35 Ved Stillebækken (21:26)**
**15.00 Tónlist**
**15.35 Andrea**
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**17.20 Neighbours**
**17.45 Ally McBeal (19:21)**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.30 Rugrats in Paris: The Movie**
**21.00 Gnarrenburg (3:10)**
**21.45 Circus.** *(Síðasta plottið)* Glæpamynd þar sem allt gengur út á svik og pretti. Hjónin Leo og Lily eru svalasta parið í bænum. Leo er frægur bragðarefur sem nú er tilbúinn að setjast í helgan stein. En fyrst ætlar hann leika einn blekkingarleik sem á að verða sá besti af þeim öllum. *Aðalhlutverk: John Hannah, Famke Janssen, Peter Stormare.*
**23.20 Coyote Ugly.** Rómantísk mynd um ungan sönglagahöfund sem freistar gæfunnar í New York. Violet Sanford fær vinnu á veitinga- og skemmtistaðnum Coyote Ugly. Staðurinn er rekinn af konum sem beita frumlegum aðferðum til að krækja í viðskiptavini. Myndin er byggð á sannri sögu. *Aðalhlutverk: Tyra Banks, Piper Perabo, Adam Garcia, John Goodman, Maria Bello.*
**01.00 The Entity.** *(Skarkárinn)* Djöfulleg vera sem er engum sýnileg misþyrmir ungri konu. Hún fær enga aðstoð frá fjölskyldu sinni né yfirvöldum enda halda allir að hún sé að ganga af göflunum. *Aðalhlutverk: Barbara Hershey, Ron Silver, Jacqueline Brooks.*
**03.05 Ultraviolet (4:6)**
**04.00 Ally McBeal (19:21)**
**04.45 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**05.10 Tónlistarmyndbönd**

### Laugardagur 23. nóvember

**08.00 Barnatími Stöðvar 2**
**09.55 The King and I**
**11.15 Friends I (20:24)**
**11.40 Bold and the Beautiful**
**13.30 Viltu vinna milljón?**
**14.20 Alltaf í boltanum**
**14.45 Enski boltinn**
**17.10 Sjálfstætt fólk**
**17.40 Oprah Winfrey**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Lottó**
**19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.30 Dharma og Greg (2:24)**
**20.00 Spin City (14:22)**
**20.30 Double Take.** *(Fé án hirðis)* Hasargrínmynd. Daryl Chase er í vondum málum. Hann fær mikla peninga í hendurnar en sennilega er hér um að ræða illa fengið fé. Bandaríska leyniþjónustan blandast í málið en stofnunin ráðleggur Daryl að koma sér til Mexíkós hið fyrsta. Hann tekur leyniþjónustuna á orðinu en það minnkar ekki vandræði hans. *Aðalhlutverk: Orlando Jones, Eddie Griffin, Gary Grubbs.*
**22.00 Men of Honor.** *(Heiðursmenn)* Gæðamynd um tvo sjóliða sem eru reknir áfram af ólíkum hvötum. Carl Barshear á sér þann draum að verða fyrsti blökkumaðurinn sem kemst til æðstu metorða í kafarasveit bandaríska sjóhersins. Hann verður að undirgangast erfiða þjálfun og standast prófið hjá hinum harðskeytta Billy Sunday. Billy er af gamla skólanum og tekur Carl ekki beinlínis með opnum örmum. *Aðalhlutverk: Robert De Niro, Cuba Gooding, Jr., Charlize Theron.*
**00.05 Erin Brockovich.** Saga Erin Brockovich hefur vakið heimsathygli. Hún átti tvö misheppnuð hjónabönd að baki og var einstæð móðir með þrjú börn þegar hún hóf störf hjá lögfræðistofu eftir að hafa nánast grátbeðið eigandann um vinnuna. Erin tók að sér það verkefni að rannsaka öflugt orkufyrirtæki sem losaði úrgang með hörmulegum afleiðingum. Þetta virtist vonlaus barátta en trúin á réttlætið fleytti Erin áfram. *Aðalhlutverk: Julia Roberts, Albert Finney, Aaron Eckhart.*
**02.20 Blood And Concrete.** *(Ást og steypa)* Glæpamynd, uppfull af svörtum húmor. *Aðalhlutverk: Billy Zane, Jennifer Beals, Darren McGavin.*
**04.00 Tónlistarmyndbönd**

### Sunnudagur 24. nóvember

**08.00 Barnatími Stöðvar 2**
**12.00 Neighbours**
**12.40 Neighbours**
**13.55 60 mínútur**
**15.00 Must Be Santa**
**16.50 Einn, tveir og elda**
**17.15 Andrea**
**17.40 Oprah Winfrey**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.30 Viltu vinna milljón?**
**20.20 Sjálfstætt fólk**
**20.50 I Dreamed of Africa.** *(Dreymt um Afriku)* Heillandi kvikmynd um konu sem hefur nýtt líf. Kuki Gallman samþykkir að giftast Paolo, manni sem hún þekkir ekki mikið, flytjast með honum til Kenýa og koma þar upp búgarði fyrir nautgripi. Í Afríku eru hættur á hverju strái og Kuki og fjölskyldan hennar verða að gæta sín á hættulegum ljónum, eitruðum snákum og blóðþyrstum ræningjum. *Aðalhlutverk: Kim Basinger, Vincent Perez, Liam Aiken.*
**22.45 60 mínútur**
**23.35 Angela´s Ashes.** *(Aska Angelu)* Þessi frábæra kvikmynd er byggð á samnefndri metsölubók Franks Mc Courts og lýsir ótrúlegum hremmingum írskrar fjölskyldu á fyrri hluta 20. aldar. Fjölskyldan flyst frá New York til írska bæjarins Limerick þar sem hún vonast til að geta hafið nýtt og betra líf. Fjölskyldan finnur þó fljótt að hún fór úr öskunni í eldinn því fátæktin er gríðarleg á Írlandi og ekki bætir úr skák að faðirinn er drykkfelldur og eyðir peningum fjölskyldunnar í áfengi um leið og færi gefst. *Aðalhlutverk: Emily Watson, Robert Carlysle.*
**01.00 Silent Witness (2:6)**
**01.55 Tónlistarmyndbönd**

## Sýn

### Föstudagur 22. nóvember

**18.00 Sportið**
**18.30 Nash Bridges IV (2:24)**
**19.30 Alltaf í boltanum**
**20.00 South Park 6 (7:17)**
**20.30 Harry Enfield´s Brand Spankin**
**21.00 The Informant.** *(Uppljóstrarinn)* Írski lýðveldisherinn lætur einskis ófreistað í baráttu sinni. Nú á að koma háttsettum dómara fyrir kattarnef og fyrrverandi hryðjuverkamaður, Gingy McAnally, á að sjá um verkið. Gingy, sem er nýsloppinn úr fangelsi, neitar í fyrstu en þegar fjölskyldu hans er hótað er hann á báðum áttum. *Aðalhlutverk: Anthony Brophy, Cary Elwes, Timothy Dalton.*
**22.45 Yesterday´s Target.** *(Strax í gær)* Hörkuspennandi mynd um nokkra tímaflakkara sem eru í mikilvægum leiðangri. Þeir hafa allir misst minnið og ferðin er í uppnámi. Og til að bæta gráu ofan á svart virðast þeir ekki lengur komast úr einu tímabelti yfir í annað. *Aðalhlutverk: Daniel Baldwin, Stacy Haiduk, Malcolm McDowell.*
**00.25 All Is Fair in Love and War.** *(Í ástum og stríði leyfist allt)* Glæpamynd um baráttu bófaforingja um yfirráðin í Los Angeles. Julian er ungur maður sem tekur þátt í þessari baráttu af lífi og sál en hann er kominn til æðstu metorða í glæpafjölskyldunni. Fjölskylda Julians hefur þegar sölsað undir sig völdin í um helmingi borgarinnar en Julian hefur metnað og vilja til að ganga enn lengra. *Aðalhlutverk: James Tyler, Miki O´Brien, Bill Trillo.*
**02.20 Dagskrárlok og skjáleikur**

### Laugardagur 23. nóvember

**12.00 Enski boltinn.** Bein útsending frá leik ***Manchester United*** og ***Newcastle***.
**17.00 Toppleikir**
**18.50 Lottó**
**19.00 PSI Factor (10:22)**
**19.50 Spænski boltinn.** Bein útsending.
**22.00 MAD TV**
**22.45 I Want You.** *(Bara þig)* Helen á sér tvo ólíka vonbiðla. Annar þeirra er 14 ára mállaus strákur sem tekur samtöl fólks upp á segulband og hinn er gamall kærasti hennar sem varð föður hennar að bana. *Aðalhlutverk: Rachel Weisz, Alessandro Nivola, Labina Mitevska.*
**00.10 Hnefaleikar.** Útsending frá hnefaleikakeppni í Connecticut í Bandaríkjunum. Á meðal þeirra sem mættust voru veltivigtarkapparnir Micky Ward og Arturo Gatti.
**01.55 Hnefaleikar - Micky Ward.** Bein útsending frá hnefaleikakeppni í Bandaríkjunum. Á meðal þeirra sem mætast eru veltivigtarkapparnir Micky Ward og Arturo Gatti. Þeir mættust síðast 1. júní á þessu ári og þá hafði Ward sigur.
**05.00 Dagskrárlok og skjáleikur**




***Robert De Niro og Cuba Gooding Jr. leika aðalhlutverkin í gæðamyndinni Heiðursmenn eða Men Of Honor, sem Stöð 2 sýnir kl. 22:00 á laugardagskvöld. Hér segir frá tveimur sjóliðum sem eru reknir áfram af ólíkum hvötum. Carl Barshear á sér þann draum að verða fyrsti blökkumaðurinn sem kemst til æðstu metorða í kafarasveit bandaríska sjóhersins. Hann verður að undirgangast erfiða þjálfun og standast prófið hjá hinum harðskeytta Billy Sunday. Billy er af gamla skólanum og tekur Carl ekki beinlínis opnum örmum.***

## SPORTIÐ Í BEINNI...

### Sjónvarpið

Laugardagur 23. nóvember kl. 14:25
**Þýski boltinn: Leikur óákveðinn**
Laugardagur 23. nóvember kl. 16:20
**Úrslitaleikurinn í Kjörísbikarnum í körfuknattleik**
Sunnudagur 24. nóvember kl. 14:00
**Íslandsmótið í handbolta kvenna: Stjarnan – Haukar**

### Sýn

Laugardagur 22. nóvember kl. 12:00
**Enski boltinn: Manchester United – Newcastle**
Laugardagur 22. nóvember kl. 19:50
**Spænski boltinn: Barcelona – Real Madrid**
Laugardagur 22. nóvember kl. 01:55
**Hnefaleikar: Micky Ward gegn Arturo Gatti**
Sunnudagur 23. nóvember kl. 13:45
**Enski boltinn: Tottenham – Leeds**
Sunnudagur 23. nóvember kl. 16:00
**Enski boltinn: Charlton Athletic – Blackburn**
Sunnudagur 23. nóvember kl. 18:15
**NFL: Bein útsending. Leikur óákveðinn**

### Stöð 2

Laugardagur 23. nóvember kl. 14:45
**Enski boltinn: Fulham – Liverpool**

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

# Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk




### Heimavist Menntaskólans á Ísafirði læst á nóttunni um helgar

# Ástæðan er misnotkun vistarbúa úr grannbyggðunum

Á netspjalli bb.is var fyrir skömmu nokkur umræða um þá ákvörðun að læsa heimavist Menntaskólans á Ísafirði að nóttu til um helgar. Þetta hefur verið gagnrýnt og jafnframt hefur komið fram sú skoðun, að með þessu sé vistarbúum stofnað í hættu ef eldur kæmi upp og þeir kæmust ekki út. Arndís Björnsdóttir, kennari og vistarvörður á heimavist MÍ, segir að með örfáum undantekningum eigi nemendur ekki að vera á heimavistinni um helgar. Hún segir einnig fjarri lagi að þeim sé nokkur hætta búin vegna elds þótt vistinni sé læst.

„Það er í reglum að nemendur eiga að fara heim um helgar, nema örfáir sem koma úr öðrum landshlutum og eiga þess ekki kost, og þess vegna er ekki heldur greitt fyrir vistarvörslu á þeim tíma. Einn og einn nemandi hefur fengið að vera yfir helgi en þetta hefur verið misnotað gróflega, þannig að okkur kom saman um að vistinni yrði læst kl. 2 aðfaranætur laugardags og sunnudags. Þó að vistinni sé læst komast nemendur auðveldlega beint út um gluggann á fyrstu hæðinni ef eldur kæmi upp. Auk þess heyri ég strax í brunaviðvörunarkerfinu ef það fer í gang, því að ég bý í kennaraíbúð á heimavistinni og reyndar búa kennarar einnig í tveimur öðrum íbúðum á vistinni.“

Arndís segir alveg skýrt að nemendur úr nágrannabyggðum Ísafjarðar eigi ekki að vera á vistinni nema frá sunnudagskvöldi til föstudags. „Hins vegar hafa nemendur sem eiga heima í næstu byggðum iðkað það að fara ekki heim, heldur að fara á böll hér á Ísafirði og djamma svo á heimavistinni fram undir morgun. Þegar ástandið er þannig fæ ég ekki svefnfrið alla nóttina og þarf í staðinn að sofa á daginn.“

Vistarbúar borga sextán þúsund krónur í húsaleigu fyrir herbergi á vistinni alla haustönnina en þar eru helgarnar undanskildar. Mötuneytið er ekki heldur starfrækt um helgar. „Það er ekki kvöldverður á föstudögum vegna þess að þá eiga vistarbúar að vera farnir en síðan er kvöldverður á sunnudagskvöldum þegar þeir koma aftur. Aftur á móti hafa nemendur sem misnotað hafa vistina um helgar með áðurgreindum hætti gengið í matarbirgðirnar í mötuneytinu og jafnvel með gesti. Þetta er auðvitað hrein óhæfa“, segir Arndís. Hún tekur fram að þeir örfáu nemendur úr öðrum landshlutum sem eru búsettir á vistinni og dveljast þar einnig um helgar séu mjög ljúfir og ekki valdir að neinum vandræðum.

### Ísafjörður

## Gamla Apótekið fær góðan styrk

Ríkisstjórnin staðfesti í síðustu viku samkomulag þriggja ráðuneyta og Ísafjarðarbæjar um áframhaldandi starfsemi Gamla apóteksins á Ísafirði.

Um er að ræða samkomulag um tilraunaverkefni í áframhaldi af forvarnastarfi Gamla apóteksins, sem tekist hefur að fá ýmsa lykilaðila til að vinna að.

Hver þeirra mun veita í verkefnið 1,5 milljónum króna á ári í tvö ár, fyrst árið 2003. Að þeim tíma liðnum verður árangur verkefnisins metinn og frekari stuðningur ákvarðaður í ljósi þess mats.



*Gunnar Arnórsson skipstjóri ásamt áhöfn sinni með viðurkenningarskjöldinn frá Ísafjarðarbæ.*

### Áhöfn Júlíusar Geirmundssonar ÍS 270

# Viðurkenning fyrir milljarðinn

Hafnir Ísafjarðarbæjar veittu áhöfn frystitogarans Júlíusar Geirmundssonar ÍS 270 sérstaka viðurkenningu á föstudagskvöld en togarinn hefur skilað meira en eins milljarðs króna aflaverðmæti til útgerðarinnar á árinu. Skipið kom til hafnar á Ísafirði á mánudag í síðustu viku með um 275 tonn af afurðum eða 523 tonn upp úr sjó. Verðmæti aflans í túrnum var rétt um 100 milljónir króna og þar með fór heildarverðmæti aflans á árinu yfir milljarðinn.

Að athöfninni á föstudag lokinni hélt togarinn, sem er flaggskip Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. í Hnífsdal, í sína síðustu veiðiferð á þessu ári en gert er ráð fyrir að hún standi í 36 daga. Afli Júlíusar á fiskveiðiárinu 2001-2002 eða frá byrjun september til ágústloka var liðlega fimm þúsund tonn og aflaverðmætið 1.122 milljónir króna.



*Gunnar Arnórsson skipstjóri á Júlíusi Geirmundssyni, Guðmundur M. Kristjánsson, yfirmaður hafna Ísafjarðarbæjar, Ragnheiður Hákonardóttir, formaður hafnarstjórnar, Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri HG og Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar fá sér sneið af tertunni.*




### Stuttar af bb.is

## Kattafargan á Ísafirði

Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis hefur beint þeim tilmælum til Ísafjarðarbæjar að semja nú þegar samþykkt um kattahald. „Ítrekað hefur verið kvartað yfir köttum á Ísafirði, bæði vegna ólyktar og ónæðis. Sveitarfélög hafa heimild til að setja sér samþykktir um kattahald og annað gæludýrahald. Hyggist sveitarstjórn takmarka eða banna kattahald, ber að gera það í samráði við heilbrigðisnefnd. Mörg sveitarfélög hafa sett samþykktir um kattahald. Þetta er gert til að auðvelda eftirlit og takmarka kattahald“, segir í bókun nefndarinnar.

## Blómaturninn flytur

Stefnt er að því að Blómaturninn á Ísafirði verði opnaður í gamla Kaupfélagshúsinu á Ísafirði ekki seinna en um mánaðamótin. Verslunin verður fimm ára um næstu áramót og var fyrstu árin í hinu sérkennilega húsi Turninum við Aðalstræti en síðustu tvö árin í verslunarhúsnæði Axels Eiríkssonar þar beint á móti. Plássið sem Blómaturninn verður með á nýja staðnum er um 160 fermetrar eða þrefalt meira en nú er. „Við ætlum að vera með miklu meira og fjölbreyttara úrval af gjafavörum en hingað til“, segir Júlíana Ernisdóttir í Blómaturninum. Verslunin mun verða í þeim hluta hússins sem snýr að Sjallanum.

## Sumarhátíð Arnfirðinga

Síðustu helgina í júní á næsta sumri munu brottfluttir Arnfirðingar fá tækifæri til þess að fjölmenna á Bíldudal og skemmta sér á hátíð sem til stendur að halda þar með heimafólki. Hugmyndavinna er hafin og eru Arnfirðingar og aðrir hvattir til að senda hugmyndir og ábendingar til þeirra sem vinna að undirbúningi.